



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Var Njáll hommi?

Tilvísanir söguhöfundar Njálu til samkynhneigðar

Ritgerð til BA-prófs

Eva-Maria Klumpp

Maí 2015

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska sem annað mál

Var Njáll hommi?

Tilvísanir söguhöfundar Njálu til samkynhneigðar

Ritgerð til BA-prófs

Eva-Maria Klumpp

Kt.: 081060-2669

Leiðbeinandi: Jón Karl Helgason

Maí 2015

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| 1 Inngangur | 5 |
| 2 Karlmennska og samkynhneigð | 6 |
| 2.1 Í íslenska miðaldsamfélaginu | 6 |
| 2.2 Í Njáls sögu | 9 |
| 3 Hlutverk söguhöfundar í Njáls sögu | 11 |
| 3.1 Tilvísanir til kynferðismála | 12 |
| 3.1.1 Samlíf hjóna..... | 12 |
| 3.1.2 Hörund Hrúts Herjólfssonar | 14 |
| 3.1.3 Þráinn kvænist Þorgerði..... | 15 |
| 3.2 Tilvísanir til samkynhneigðar | 16 |
| 3.2.1 Karl hinn skegglausi og taðskegglingar..... | 17 |
| 4 Persónuleiki Njáls | 19 |
| 4.1 Beinar lýsingar | 19 |
| 4.2 Óbeinar lýsingar | 20 |
| 4.2.1 Ókarlmannleg og kvenleg einkenni..... | 21 |
| 4.2.2 Undirferli og slægð..... | 22 |
| 4.2.3 Ófriðsemi og hefnigirni | 23 |
| 4.2.4 Stjórnsemi..... | 25 |
| 4.3 Tilfinningaleg sambönd við karlmenn | 26 |
| 4.3.1 Gunnar Hámundarson | 27 |
| 4.3.2 Þórhallur Ásgrímsson..... | 32 |
| 4.3.3 Höskuldur Þráinsson Hvítanesgoði..... | 35 |
| 5 Lokaorð | 42 |
| 6 Heimildaskrá | 44 |

Ágrip

Nokkrir fræðimenn og áhugamenn um Njáls sögu hafa fjallað um hugsanlega samkynhneigð Njáls síðustu áratugi. Hingað til hafa sannfærandi niðurstöður skort og engin nákvæm rannsókn á samkynhneigð Njáls hefur verið gerð. Í ritgerðinni er fyrst fjallað um karlmannleg einkenni og frávik frá þeim í íslenska miðaldasamfélaginu til að varpa ljósi á ókarlmannleg og kvenleg einkenni karlanna og stöðu samkynhneigðar á þessum tíma. Í þessu samhengi er því næst skoðað á hvaða hátt fjallað er um kynferðisleg atriði í norrænum fornþekktum, þá sérstaklega í Njáls sögu að teknu tilliti til laga og samfélagslegra gilda sem hafa haft áhrif á söguhöfund og ritverk hans.

Áhersla er lögð á frásagnaraðferð söguhöfundar Njálu með tilliti til lýsinga á atburðum þar sem gagn- og samkynhneigð koma við sögu. Þá er fjallað um hlutverk söguhöfundar og kannað hvað vakir fyrir honum þegar hann lýsir atburðum með kynferðislegum undirtónum.

Í síðari hluta ritgerðar er ljósi varpað á skapgerð, hegðun og samskipti Njáls við aðra í tengslum við hugsanlega samkynhneigð hans. Greindar eru bæði beinar og óbeinar lýsingar söguhöfundar á kynhneigð Njáls og kannað hvort þær vísbendingar leiði til þeirrar niðurstöðu að Njáll sé hommi. Í lokahluta ritgerðar er sjónum beint að persónu Njáls, sérstaklega samböndum hans við karlmenn og framkomu hans gagnvart þeim.

1 Inngangur

Njáls saga er ein af vinsælustu Íslendingasögum og var valin besta íslenska bókmenntaverkið árið 2014.¹ Njáls saga er lengst Íslendingasagnanna og telst vera örlagasaga og ættarsaga. Hún er sú eina þar sem sögusviðið er Suðurland og nær yfir tímabilið frá því um 950 til um 1020. Sagan er varðveitt í fjölmörgum skinnhandritum og handritsbrotum frá miðöldum. Höfundur er óþekktur en gert er ráð fyrir að sagan hafi verið samin um 1280.²

Efni Njáls sögu er enn umdeilt mál og hefur verið í brennidepli í umræðum um söguna til dagsins í dag. Ýmis viðfangsefni hafa verið skoðuð og túlkuð út frá mörgum mismunandi sjónarhornum af fræðimönnum og áhugamönnum um söguna. Eitt atriði sem greinir Njálu frá öðrum Íslendingasögum er sú áhersla sem söguhöfundur leggur á kynferðismál. Lýsingar á þeim í miðaldabókmenntum lutu ströngum reglum og lögum. Þess vegna ætla ég fyrst að skoða þjóðfélagsleg gildi, kirkjuleg og veraldleg lög með tilliti til karlmennsku og samkynhneigðar í íslenska miðaldasamfélaginu. Söguhöfundar voru bundnir af ákveðnum skilyrðum sem hafa haft áhrif á frásagnaraðferðir þeirra. Í ljósi þessa hafa ýmsar rannsóknir beinst að málfari Íslendingasagna í tengslum við lýsingar á karlmannlegri, ókarlmannlegri og kvenlegri hegðun persóna, þar með talið lýsingar sem benda til samkynhneigðar. Bæði orðalag og óbeinar lýsingar á kynferðismálum og samkynhneigð í Njálu gefa tilefni til þess að skoða frásagnartækni söguhöfundar nákvæmlega.

Persóna Njáls er flókin og gefur ýmislegt í lýsingu hans tilefni til efasemda um gagnkynhneigð hans. Njáli er augljóslega lýst öðruvísi en flestum öðrum karlmönnum. Aðdróttanir um ergi og óbeinar lýsingar söguhöfundar á Njáli geyma lykilinn að persónuleika hans. Til þess að skilja persónu Njáls betur legg ég áherslu á greiningu á hátterni Njáls svo og tilvísanir söguhöfundar til kynhneigðar hans. Auk þess lýsir söguhöfundur samböndum Njáls við Höskuld Þráinsson Hvítanesgoða, Þórhall Ásgrímsson og Gunnar Hámundarson með athyglisverðum hætti. Þess vegna er nauðsynlegt að gaumgæfa tilfinningar Njáls, sérstaklega ljósi vináttu hans við þessa þrjá karlmenn.

¹ Brennu-Njáls saga besta íslenska verkið 2014

² Sbr. Svanhildur Óskarsdóttir 1996: vii-viii

2 Karlmennska og samkynhneigð

Karlmenn, karlmennska og karlmannleg einkenni eru ráðandi leiðarstef í Íslendingasögum. Njáls saga sker sig frá öllum öðrum sögum vegna þess að söguhöfundur veitir kynferðislegum atriðum sérstaka athygli. Karlmannlegum, ókarlmannlegum og kvenlegum einkennum karlmanna og kvenna er lýst með áberandi hætti og sérstaklega ræður kynhneigð karlmanna söguefni. Sumar karlmannsímmyndir verða ríkjandi þegar sögunni fram vindur meðan aðrar eru víkjandi. Á þennan hátt verða kvenlegir og karlmannlegir eðlisþættir einstakra manna smám saman skýrari og varpa þannig ljósi á frávik í kynhegðun þeirra. Í þessu samhengi finnst mér mikilvægt að skoða fyrst stöðu karlmenskunnar og lýsingar á frávikum hennar í íslenska miðaldasamfélaginu og svo nánar í Njálu.

2.1 Í íslenska miðaldasamfélaginu

Ættasamfélag og feðraveldi voru mikilvægar grunnstoðir íslensks miðaldasamfélags og skipta miklu máli í Íslendingasögum. Að eignast afkomendur, veita heimilisfólkinu og býlinu forstöðu, bera ábyrgð á að vernda og verja fólk sitt og eigur og geta treyst á ættina og samheldni hennar, voru lífsnauðsynleg grundvallaratriði. Í þessu samhengi gegndu karlar stóru hlutverki á miðöldum. Þar með setti ríkjandi karlmennska mark sitt á samfélagið. Helstu karlmannleg einkenni höfðingja voru annars vegar andlegur styrkur eins og baráttuandi, hugrekki og óttaleysi og hins vegar líkamlegt atgervi. Forsvarsmenn hvernar stórfjölskyldu voru auk þess fyrirvinnur og þurftu að tryggja framfærslu ættarinnar. Þess vegna urðu karlmenn að sanna sig og laga sig að ríkjandi karlmenskúmyndum til að ávinna sér virðingu í samfélaginu.³

Karlmaður sem stóð ekki undir þessum skyldum eða gerði eitthvað ámælisvert gekk í berhögg við miðaldasamfélagið og var dreginn í efa. Verst af öllu var ásökun um kvenleg einkenni sem komu m.a. fram í hugtökunum *níð* og *ergi*. Preben Meulengracht Sørensen rannsakar merkingu og notkun þessara orða. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að þótt nákvæm skilgreining þessara orða sé flókin sé ljóst að hugtökin tengist: „accusations with sexual import from the core of the meaning“.⁴ Samkvæmt Meulengracht Sørensen var *níð* algengt móti í íslenskum miðaldabókmenntum og merkti sérstaka háðung, svívirðingu og ærumeiðingu í garð manneskju. Hann telur að ásakanir um *níð* í íslenskum bókmenntum hafi upphaflega verið eldri og notaðar áður en ritöld hófst.⁵ *Níð*

³ Sbr. Gunnar Karlsson 2006: 371

⁴ Meulengracht Sørensen 1983: 11

⁵ Sbr. Meulengracht Sørensen 1983: 11

felur í sér ásökun um óvirkt hlutverk í kynlífi tveggja karlmannna. Samkynhneigð virðist hafa verið afar umdeilt og eldfimt mál. Kari Ellen Gade segir:

Norrænar miðaldabókmenntir eru þöglar um samkynhneigð sambönd, en í tengslum við meiðyrði eða rógburð eru margir þættir í bundnu og óbundni máli sem draga fram niðurlægingu *óvirkrar* (e. *passiv*) samkynhneigðrar hegðunar (hlutverk geranda virðist ekki hafa falið í sér neina niðurlægingu).⁶

Hugtakið *níð* er notað sem tákn fyrir kvenleg einkenni karlmanns og gefur til kynna að hann sé mannleysa eða samkynhneigður. Hins vegar er sá karlmaður sem er í virku hlutverki í kynlífi karla viðurkenndur og gefur höggstað á sér. *Níð* gefur engar vísbendingar um samkynhneigð, ólíkt orðinu *ergi*. Meulengracht Sørensen vísar í því samhengi til lýsingar orðanna *argr* og *ragr* og sagnanna *ergi* og *regi* og segir: „All these words are highly disparaging. Their basic meaning is sexual.“⁷ Orðið *ergi* merkir eins konar kynskipti karlmanns, t.d. að hann klæði sig í kvenfatnað eða fari með kvenlegt hlutverk í samförum. Meulengracht Sørensen heldur því fram að ásökun um *ergi* snúist aðallega um hugleysi, ókarlmannleg og kvenleg einkenni karlmannna sérstaklega í tengslum við siðferðileg gildi og eiginleika.⁸ Fleiri fræðimenn hafa tekið undir þessa túlkun.⁹ Gunnar Karlsson fjallar ítarlega um merkingu orðanna *ergi/argur* og *ragur/regi*.¹⁰ Gunnar telur að bæði orðin eigi sér öll sömu rót og vísi til samkynhneigðar karlmanns.¹¹ Helga Kress bendir á að orðin *ragur* og *blauður* feli „í sér merkinguna 'huglaus og kynvilltur' og orðið *blauður* merkir hvorttveggja í senn 'huglaus og kvenkyns'“.¹² Óttar Guðmundsson segir að „gamla orðið *argur*, sem þýðir samkynhneigður eða hommi, var skammaryði í tungunni“.¹³ Þeim sem verður fyrir slíkri ásökun ber að hefna svívirðingarinnar ef hann vill ávinna sér aftur virðingu í samfélaginu. Folke Ström bendir á að *níð* um *ergi* hafi þá þýðingu að karlmaður sé í kvenhlutverki og kemst að eftirfarandi lokaniðurstöðu:

Ergi, like the adjectiv *argr* from which it is formed, has a strongly pejorative sense: it is scarcely an exaggeration to say that no other Norse word was able to provoke such violent feelings and reactions. According to the opinion of the time, the application to a man of the term *argr* (or its

⁶ Gade 2013: 194

⁷ Meulengracht Sørensen 1983: 18

⁸ Sbr. Meulengracht Sørensen 1983: 11-32

⁹ Sbr. Jochens 1995: 76 og Gunnar Karlsson 2006: 378

¹⁰ Sbr. Gunnar Karlsson 2013: 285 - 287

¹¹ Gunnar Karlsson 2013: 286

¹² Helga Kress 1996: 20 og sjá einnig Óskar Guðmundsson 1990: 197

¹³ Sbr. Óttar Guðmundsson 1990: 197

synonym by metathesis *ragr*) meant that he was 'unmanly' in various ways, and in particular that he was a coward and a homosexual.¹⁴

Mikilvægt er í þessu samhengi að taka tillit til athugasemdar Ármanns Jakobssonar um að orðið samkynhneigð hafi ekki verið þekkt á 13. öld. Auk þess hafi fólk ekki verið flokkað í gagnkynhneigða, tvíkynhneigða eða samkynhneigða hópa.¹⁵ Vern L. Bullough and Gwen Whitehead segja: „Similarly, homosexuality was not a subject much discussed in literary criticism until comparatively recently and, though hinted at, full discussion was a more or less socially forbidden.“¹⁶

John Boswell hefur athugað nákvæmlega samkynhneigð á miðöldum og hann er á annarri skoðun en Bullough and Brewer segir: „Germanic literature suggests very strongly that homosexuality was familiar and accepted, possibly even institutionalized.“¹⁷

Annars vegar lítur út fyrir að kynmök tveggja karlmannna hafi ekki valdið neinni skömm og hafi ekki heldur ekki verið bönnuð svo framarlega sem karlmenn hafi verið í virku karlmannshlutverki í samförum.¹⁸ Hins vegar má nefna fornu lögin sem voru líklega í gildi á sögutíma Njálu áður en þau voru skráð í Grágás, þá lögbók sem var í gildi á þjóðveldistímanum. Lögin veita mikilvæga innsýn í hugmyndaheim miðaldasamfélagsins. Þar kemur fram að ásakanir um samkynhneigð – eins og þær sem gefnar eru í skyn með orðunum *níð* og *ragur* – hafi verið svo mikil aðför að karlmenskunni að þar var lögð við hin harðasta refsing. Í Grágás segir:

Þau eru orð þrjú, ef svo mjög versna málsendar manna er skóggang varða öll, ef maður kallar mann ragan eða stroðinn eða sorðinn, og skal svo sækja sem önnur fullréttisorð, enda á maður vígt í gegn þeim orðum þrimur.¹⁹

Auk þess lagði skrifaboð Þorláks biskups, sem gildi á ritunartíma Njálu, þunga refsingu við kynlífi tveggja karla. Karin Ellen Gade hefur rannsakað m.a. samkynhneigð karlmannna á miðöldum og segir að skrifaboð „fyrirskipaði [...] níu til tíu yfirlát fyrir ástir samkynja fólks, eða sömu refsingu og fyrir dýra - eða sífjaspell.“²⁰

¹⁴ Ström 1974: 4

¹⁵ Sbr. Ármann Jakobsson 2013: 227

¹⁶ Bullough, Vern L. og Gwen Whitehead Brewer 1999: 103

¹⁷ Boswell 1980: 184

¹⁸ Sbr. Gunnar Karlsson 2006: 379

¹⁹ Grágás 1992: 273

²⁰ Gade 2013: 189

Einnig tel ég mikilvægt að benda á Mósebók í Biblíunni en það segir: „Þú mátt ekki liggja með karlmanni eins og legið er með konu, það er viðurstyggið.“²¹

2.2 Í Njáls sögu

Í samræmi við ríkjandi karlmennsku í miðaldasamfélaginu á Íslandi er ættasamfélagið og feðraveldi allsráðandi hugmyndafræði í Njáls sögu, eins og Helga Kress bendir á: „Hreyfiafl Njálu er karlmennskan.“²² Orðin *karlmennska* og *karlmannlegur* vísa sérstaklega til líkamlegs og andlegs atgervis: „Sá þáttur karlmenskunnar sem mest ber á í Njálu er hugrekkið, eða öllu heldur óttaleysið, og er það einn helsti mælikvarði sögunnar á gildi manna,“ bætir Helga við.²³

Eitt sérkenni Njálu er orðanotkun með tilliti til karlmannlegra og kvenlegra einkenna. Klifað er á orðunum *karlmennska* eða *karlmannlegur*. Sem dæmi má nefna hér Kára sem hrósar Skarphéðni eftir víg Þráins með orðum „Karlmannlega er að farið.“²⁴ Annað dæmi er þegar Skarphéðinn meinar Höskuldi Hvítanesgoða um að taka þátt í víg Sigmundar og segir við hann: „En eg ætla mér Sigmund. Þykir mér það karlmannlegt.“²⁵

Einnig birtist mikil karlmennska í átökum manna á milli eins og Thomas Roswell bendir á: „The importance of defending one’s masculine reputation in the culture of early medieval Iceland is repeatedly demonstrated in Njáls saga.“²⁶ Jafnframt eru sumir karlmenn sakaðir um einhvers konar veikleika, sérstaklega um að hafa kvenleg einkenni. Sem dæmi má nefna Njál sem fær kvenlegt yfirbragð vegna skeggleysis síns eða bólginn fót Þórhalls Ásgrímssonar sem söguhöfundur líkir við „konulær“.²⁷ Þar með víkur sagan frá ríkjandi karlmennskuímynd Íslendinga- sagnanna.

Mörg dæmi í Njálu lýsa frávikum frá almennum karlímyndum þar sem karlmenn sýna á einhvern hátt merki um vanmátt. Í þessu samhengi stinga margar kynferðislegar tilvísanir bersýnilega í augun en þó er enginn karlmaður ásakaður beint um samkynhneigið í sögunni. Hins vegar birtist slík ásökun víða óbeint í formi níðs og ásakanna um ergi. Roswell kemst að þeirri niðurstöðu að „symbolic sexual anomalies, whether identified physically or through insults or

²¹ Biblía 2007: 3 Mós. 18:22

²² Helga Kress 1996: 19

²³ Helga Kress 1996: 20

²⁴ Brennu-Njáls saga 1996: 186

²⁵ Brennu-Njáls saga 1996: 89

²⁶ Roswell 2012: 2

²⁷ Brennu-Njáls saga 1996: 283

actions, play a major role in the saga, providing insight into the characters.²⁸ Kvenleg einkenni dragi karlmennsku viðkomandi manns í efa og framkalla níð og ásakanir um ergi. Dæmi um það er þegar Flosi hvetur Ingjald til bardaga: „Bíð þú það ef þú ert eigi ragur því að eg skal senda þér sending.“²⁹ Samkvæmt Helgu Kress ásakar Flosi Ingjald hér um samkynhneigð. Skömmu síðar bætir Flosi við: „Bíð þú nú ef þú ert eigi blauður.“³⁰ Orðið *blauður* vísar hér, eins og Helga bendir á, til kvenlegra einkenna Ingjalds. Enn fremur koma kvenlegar silkislæður við sögu í sáttarferlinu eftir víg Höskulds Hvítanesgoða og valda ásökunum um ergi. Einnig má minna á níð Hallgerðar um skeggleysi Njáls.³¹ Þessar senur verða nánar skoðaðar síðar í ritgerðinni.

Í öllum atburðum Njálu hafa níð og ergi mikil áhrif á karlmennina, stjórna gerðum og hegðun þeirra og marka líf þeirra og jafnvel dauða. Helga Kress ræðir kynhlutverk í Njálu og segir: „Eitt hið háðulegasta sem hent getur karlmenn í Njálu er að vera brigslað um kvenlega eiginleika og hafa minnstu aðdróttanir í þá átt jafnan alvarlegustu afleiðingar.“³²

²⁸ Roswell 2012: 5

²⁹ Brennu-Njáls saga 1996: 265, sjá fleiri dæmi 320

³⁰ Brennu-Njáls saga 1996: 266, sjá dæmi 77

³¹ Sbr. Brennu-Njáls saga 1996: 66-67, 85-88

³² Helga Kress 1996: 20

3 Hlutverk söguhöfundar í Njáls sögu

Stór þáttur hverrar frásagnar er söguhöfundur. Hann miðlar málum milli höfundar og lesanda og má lýsa honum sem fulltrúa höfundar í verkinu. Hann talar aldrei beint við lesandann, heldur birtast í textanum skoðanir og gildismat hans. Í Njálu stendur söguhöfundur utan við söguna og heldur sig við ytri lýsingar atburða. Njörður P. Njarðvík ræðir þessa frásagnaaðferð í bók sinni *Eðlisþættir skáldsögunnar* og segir þar: „sagan er sögð með því að sýna hana.“³³ Söguhöfundur er þannig að nokkru leyti í hlutverki vitnis þar sem hann segir frá á hlutlausan hátt í þriðju persónu. Engu að síður leiðir hann lesandann út í að mynda sér skoðun. Þótt söguhöfundur Njálu virðist vera hlutlægur er hann að mestu leyti alvitur og ríkir yfir sviði sögunnar. Hann sér ekki inn í huga persóna, fellir hvorki beint dóma yfir mönnum né atburðum en samt gefur hann margt í skyn með óbeinum lýsingum. Lesandinn þarf að túlka lýsingar hans á persónum og atburðum. Söguhöfundur veit fyrirfram hvað gerist og gefur lesandanum vísbendingar um framvindu sögunnar. En hann lætur margt ósagt í því augnamiði að örva ímyndunarafl lesandans og útfærir vel sérhvert smáatriði frásagnarinnar. Söguhöfundur nýtir sér ýmsar aðferðir til að lýsa óbeint innri manni persónanna, þar á meðal tilfinningum, hugsunum og viðhorfum. Lýsingar á hátterni og viðbrögðum persóna eða líkamstjáningu þeirra gefa lesendum fjölbreytilega innsýn í eiginleika hvers og eins. Auk þess notar söguhöfundur samtöl sögupersóna til að afhjúpa gildismat, hugsanir og sjónarmið þeirra. Sömuleiðis fjallar söguhöfundur um almenningsálitið sem felur í sér skoðanir, gildi og reglur þjóðfélagsins.³⁴

Að mínu mati er söguhöfundur Njálu í raun mikill meistari feluleiksins. Hann heldur lesandanum í óvissu um ákveðna atburði, ýjar oft að tilfinningamálum persónanna, beinir sjónum að sértökum atriðum og leikur sér að lesendum. Allt bendir til þess að frásagnaaðferð söguhöfundar felist í því að tala í gegnum persónurnar og hegðun þeirra við lesandann. Hins vegar ýja margar óbeinar lýsingar að því sem söguhöfundur fjallar ekki beint um.

Þá notar söguhöfundur óvenjulegan orðaforða, sérstaklega í tengslum við atburði sem snúast um kynferðismál og kynhneigð persóna. Hann vekur tvímælalaust mesta athygli á kynlíflýsingum með skrauthvörfum. Stíllragðið skrauthvörf á við um myndlíkingar sem söguhöfundur notar í lýsingum atriða í stað bókstaflegra hugtaka. Skrauthvörf fela í sér að söguhöfundur gerir orðaval þægilegra og kurteislegra fyrir lesandann í stað þess að nota orð sem kynnu að

³³ Njörður P. Njarðvík 1981: 43

³⁴ Sbr. Njörður P. Njarðvík 1981: 41-49

valda hneykslan.³⁵ Í *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* segir um notkun hugtaksins: „Algengust s. [skrauthvörf] í bókmenntum eru í sambandi við kynferðismál og vissa líkamshluta.“³⁶ Mörg dæmi eru um þetta í Njáls sögu. Til dæmis má taka orðið „hörund“³⁷ sem vísar til getnaðarlíms eða orðið „magi“³⁸ sem er notað í staðinn fyrir að tala um kynfæri konu. Enn fremur felur líkamleg tjáning og tjáning með svipbrigðum í sér óbeinar lýsingar söguhöfundar. Hann leggur mikla áherslu á kynferðislegar athafnir. Smátt og smátt færast lýsingar af kynferðislegum athöfnum í aukana en markmið söguhöfundar virðist vera að leiða huga lesendans að þessu viðfangsefni og vekja athygli á því.

3.1 Tilvísanir til kynferðismála

Eins og bent var á hér að framan fjallar söguhöfundur með ýmsum hætti um kynferðislegar athafnir. Slíkar tilvísanir lokka lesandann inn í kynferðislegt hugarflug söguhöfundar. Annars vegar segir hann oft frá gagnkynhneigðri kynhvöt sem sýnir munúð bæði kvenna og karlmanna og hins vegar frá atburðum sem lýsa einkennum samkynhneigðar. Hugmyndir söguhöfundar um kynlíf eru eftirtektarverðar. Fjölbreytt dæmi finnast um þessi atriði í Njálu og sum af þeim verða rædd hér á eftir.

3.1.1 Samlíf hjóna

Söguhöfundur nefni nokkrum sinnum 'samfarir'³⁹ og hvað eftir annað ýjar hann einnig að kynlífi með öðrum hætti. Eftir brúðkaupsnótt Þorvaldar og Hallgerðar spyr Ósvífur, faðir Þorvalds: „Unir þú vel ráðinu eða hversu fór tal með ykkur?“⁴⁰ Þorvaldur svarar: „Vel, alla blíðu lét hún uppi við mig og mátt þú sjá mót á er hún hlær við hvert orð.“⁴¹ Líklega skilja allir lesendur þetta svo að hér sé talað um brúðkaupsnóttina. Söguhöfundur notar orðið *tal* sem lætur að því liggja í raun og veru að samförum hjónanna. Gunnar Karlsson fjallar um stíl Íslendingasagna og segir meðal annars: „Ef sagt er frá því í sögum að karl og kona hafi talað saman, einkum ef það var oft eða lengi, virðist það nokkuð örugg vísbending um ást á milli þeirra.“⁴² Jenny Jochens ræðir sama efni og

³⁵ Sbr. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 1983: 252

³⁶ *Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 1983: 252

³⁷ *Brennu-Njáls saga* 1996: 18

³⁸ *Brennu-Njáls saga* 1996: 37

³⁹ Sbr. *Brennu-Njáls saga* 1996: 15, 19

⁴⁰ *Brennu-Njáls saga* 1996: 24

⁴¹ *Brennu-Njáls saga* 1996: 24

⁴² Gunnar Karlsson 2013: 169

segir söguhöfund beita skrauthvörfum í stað orðsins *samfarir*.⁴³ Mikilvægt er að muna að lagt var bann við því í lögum að tala beint um kynmök.

Gunnar Karlsson bendir líka á óljóst orðalag í lýsingum á kynmökum í Íslendingasögum: „Um aðfarir fólks í ástarleikum eru sögur fáorðar. Þegar talað er um slíkt í sögum er tekið óljóst til orða og stundum í hálfkæringi.“⁴⁴ Hann nefnir í þessu samhengi dæmið um Þjóstólf sem mælir við Glúm: „að hann mundi til engis hafa afla annars en bröltu á maga Hallgerði“.⁴⁵ Söguhöfundur ýjar hér að trúboðsstellingunni en Gunnar fullyrðir að „aðrar samfarastellingar voru almennt fordæmdar af miðaldakirkjunni sem ónáttúrulegar“.⁴⁶ Eftir þeirri rökvísi var miðaldahöfundum stranglega bannað að lýsa kynmökum nákvæmlega. Að mínu mati túlkar lesandinn þennan textabút að sjálfsgöðu sem kynmök og hann er dæmigerður fyrir söguna alla.

Gunnar á Hlíðarenda býður Sigmundi í heimsókn einn veturinn og lýsir sögumaður atriðinu þannig: „Hallgerður var vel til Sigmundar og þar kom að þar gerðist svo mikill ákafi að hún bar fé á hann og þjónaði honum eigi verr en bónda sínum.“⁴⁷ Að mínu mati beinir söguhöfundur hér athygli lesandans að kynferðislegum athöfnum. Hann ýjar að ástarsambandi Hallgerðar og Sigmundar þar eð hún þjónar Sigmundi alveg eins og Gunnari eiginmanni sínum.

Fleiri atriði fela í sér tilvísanir til ástarsambanda eða kynmaka. Eins og áður var nefnt lætur Þjóstólfur ummæli um samfarir Glúms við Hallgerðar falla. Enn fremur lætur Þjóstólfur Hallgerði á sér að skilja „að alls staðar mun eg gera að þínu skapi nema þar er faðir þinn er eða Hrutur“.⁴⁸ Það er líklegt að óbeinar lýsingar söguhöfundar á framkomu Þjóstólfs og samband á milli hans og Hallgerðar vísi til ástarsambands.⁴⁹ Ursula Dronke segir í þessu sambandi: „The brutal sequence of statements is intended to imply that Þjóstólfr himself would be a more effective sexual partner for Hallgerð.“⁵⁰ Í næstu köflum sögunnar leiðir söguhöfundur huga lesanda enn frekar að ástarsambandi Hallgerðar og Þjóstólfs þegar hann segir: „og gekk Þjóstólfur jafnan til tals við hana [...] og fannst mönnum mikið um tal þeirra.“⁵¹

⁴³ Sbr. Jochens 1995: 68

⁴⁴ Gunnar Karlsson 2013: 221

⁴⁵ Brennu-Njáls saga 1996: 37

⁴⁶ Gunnar Karlsson 2013: 221

⁴⁷ Brennu-Njáls saga 1996: 80

⁴⁸ Brennu-Njáls saga 1996: 23

⁴⁹ Sbr. Óttar Guðmundsson 2012: 31

⁵⁰ Dronke 1980: 18

⁵¹ Brennu-Njáls saga 1996: 24

Annað dæmi er þegar Mördur vill ögra Gunnari á Hlíðarenda með því að láta Þorgeir Otkelsson lokka Ormhildi í ástarsamband. Söguhöfundur ýjar að samförum á þennan hátt: „Nú kemur sumar og verða þá enn oftlega fundir þeirra á laun.“⁵² Áberandi er að söguhöfundur talar hispurslaust - án vífilengja - um kynmök þegar hjón eru gift löglega. Hins vegar forðast hann að fjalla beint um kynlíf þegar talað er um ólögleg sambönd.

3.1.2 Hörund Hrúts Herjólfssonar

Því er lýst snemma í Njálu að Hrútur Herjólfsson fór út til Noregs og dvaldist hjá Haraldi konungi um nokkurt skeið. Þar áður hafði hann trúlofast Unni Marðardóttur. En Gunnhildur konungsmóðir taldregur hann. „Þú skalt sofa í lofti hjá mér í nótt og við tvö saman,“⁵³ skipar hún honum. Gunnhildur spyr hann síðar eftir konunni sem bíði hans á Íslandi og hann lýgur að henni um kvennamál sín. Gunnhildur refsar honum með því að leggja á hann álog: „þá legg eg það á við þig að þú megir engri munúð fram koma við þá konu er þú ætlar þér á Íslandi að eiga en fremja skalt þú mega við aðrar konur vilja þinn.“⁵⁴ Eftir að hann er kominn aftur út til Íslands tekst Hrúti aldrei að fullnægja Unni sem kvartar undan þjáningum sínum við Mörd, föður sinn. Hún segir að Hrútur: „má ekki hjúskaparfar eiga við mig svo að eg megi njóta hans“.⁵⁵ Og hún heldur áfram að útskýra – út frá sjónarhóli sínum – líkamlegt ástand Hrúts: „Þegar hann [Hrútur] kemur við mig þá er hörund hans svo mikið að hann má ekki eftirlæti hafa við mig.“⁵⁶

Atriðin birtast strax í byrjun sögunnar og sýna tilhneigingu söguhöfundar til að ýkja og virkja kynferðisleg ímyndunarafl lesanda. Stutt og óvenjulegt innskot skömmu síðar segir frá tveimur strákum sem leika þrásinnis ummæli Hrúts og Marðar um fémál Unnar og hæðast þannig að veikleika Hrúts. Sá sem er í hlutverki Hrúts segir: „Eg skal þér Mördur vera og stefna þér af konunni og finna það til foráttu að þú hafir eigi sorðið hana.“⁵⁷ Strákurinn gerir níð um Hrút sem þjáist af kynlífsröskun. Í raun er getuleysi hans túlkað sem ókarlmannlegt einkenni. Ásökun um það er það versta sem getur komið fyrir karlmann á þessum tíma. Höskuldur, bróðir Hrúts, reiðist og slær strákinn sem er í hlutverki Marðar. Hins vegar gefur Hrútur honum fingurgull í viðurkenningarskygni. Að mínu mati sýnir Hrútur með gullhringnum að hann heldur ró sinni og auk þess

⁵² Brennu-Njáls saga 1996: 137

⁵³ Brennu-Njáls saga 1996: 9

⁵⁴ Brennu-Njáls saga 1996: 14

⁵⁵ Brennu-Njáls saga 1996: 18

⁵⁶ Brennu-Njáls saga 1996: 18

⁵⁷ Brennu-Njáls saga 1996: 21

reynir hann að endurheimta virðingu sína eftir níðingsverk stráksins. Í kjölfar þessa fær Hrútur viðurkenningu samfélagsins sem söguhöfundur orðar svo: „Af þessu fékk Hrútur gott orð.“⁵⁸ Í þessum textabút talar söguhöfundur hispurslaust um kynlíf og kynmök sem hann gerir annars mjög sjaldan. En hér er talað um hjón og eins og áður var nefnt fjallar söguhöfundur í þeim tilfellum beint um kynlíf. Aftur á móti er frásögnin um þau kynferðislegu álog sem Gunnhildur leggur á Hrút ýkt.

3.1.3 Þráinn kvænist Þorgerði

Merkilegt dæmi um áhuga söguhöfundar á kynferðislegum lýsingum er að finna í kaflanum um brúðkaup Gunnars og Hallgerðar á Hlíðarenda. Þráinn Sigfússon leysir upp hjónaband sitt við Þórhildi skáldkonu, eiginkonu sína, og biður tafarlaust Þorgerðar Glúmsdóttur, dóttur Hallgerðar. Þótt þessi kafli Njálu fjalli um brúðkaup Gunnars og Hallgerðar er það ekki í forgrunni. Miklu meiri athygli fá munúð og bónorð Þráins. Frásögnin snýst um kynferðislega girnd Þráins sem er lýst svo: „var hún [Þorgerður] kvenna fríðust. Hún var þá fjórtán vetra gömul“⁵⁹ [...] Þráinn Sigfússon var starsýnn á Þorgerði Glúmsdóttur.“⁶⁰ Í kjölfarið reiðist Þórhildur mjög og yrkir stutt níðkvæði:

Era gapriplar góðir,
gægur er þér í augum, Þráinn.⁶¹

Gunnar Karlsson segir að orðin *gapripill* eða *gaprípill* komi „ekki fyrir annars staðar“ og að merkingin sé tvíræð.⁶² Annars vegar geti orðið lýst Þorgerði sem „vergjarnri stelpu“ eða hins vegar merkt „rísandi hold“ sem vísar beinlínis til Þráins.⁶³ Bæði hugtökin fela kynferðislegar öfgar í sér. Merkingin „vergjörn stelpa“ einkennir unga konu sem er upp á karlhöndina og stundar kynlíf óhóflega. „Rísandi hold“ er myndræn umritun getnaðarlíms Þráins. Jafnvel þó að nákvæm merking orðsins sé ekki alveg skýr eru báðar útlekkingar dæmigerðar fyrir ákafa kynferðislega þrá. Þetta mynstur skrauthvarfa sést einnig í sögunni um Hrút og Unni eins og í mörgum fleiri atburðum í Njálu. Nokkrir þeirra verða skoðaðir nánar hér á eftir.

⁵⁸ Brennu-Njáls saga 1996: 21

⁵⁹ Brennu-Njáls saga 1996: 64

⁶⁰ Brennu-Njáls saga 1996: 65

⁶¹ Brennu-Njáls saga 1996: 65

⁶² Gunnar Karlsson 2013: 77

⁶³ Sbr. Gunnar Karlsson 2013: 77

3.2 Tilvísanir til samkynhneigðar

Eins og minnst var á í kaflanum um íslenska miðaldasamfélagið bannaði Grágás móðgandi ummæli um kynlíf tveggja karlmanna. Enn fremur beitti kirkjan karlmenn hörðustu refsingu ef slíkt varð uppvíst. Í ljósi þess þurfti söguhöfundur Njálu að forðast að tala beint um kynmök á milli karlmanna. Hann hefur verið í vanda staddur og þurft að finna úrræði sem Thomas Bredsdorff lýsir: „að þar eru einnig átök milli ásthneigðar manna og möguleika þeirra á að finna henni ytri umgjörð.“⁶⁴ Söguhöfundur hefur valið aðra leið þar sem lesandinn þarf að túlka óbeinar lýsingar og greina tilfinningar sem er lýst á milli línanna. Samtöl persóna, orðaval söguhöfundar og lýsingar hans á svipbrigðum og líkamstjáningu persóna fela í sér fjölbreytilegar tilvísanir. Á þennan hátt veitir söguhöfundur lesandanum ýmsar upplýsingar um náin kynni og viðkvæm málefni sem móta atburðarás Njáls sögu en eru ekki sett beint á svið. Í samtölum og hegðun persóna birtist innra líf persónu sem glæðir þær lífi. Á þá leið kynnist lesandinn samspili tilfinninga, viðbragða og háttalags og öðlast skilning á söguþræði og boðskap verksins.

Mín skoðun er sú að söguhöfundur hafi áhuga á því að miðla upplýsingum um kynlíf sem er óheimilt, sérstaklega um tiltekin forboðin ástarsambönd og samkynhneigð. Hann stefnir annars vegar að því markmiði að fjalla af sanngirni og í samræmi við lög um kynlíf á milli karlmanna eins og gengur og gerist á þessum tíma, og hins vegar að benda lesendum á samkynhneigð nokkurra söguhetja. Rúmlega 450 karlmenn eru nefndir í Njáls sögu⁶⁵ og líklega var hluti af þeim karlmönnum samkynhneigðir. Ármann Jakobsson ræðir þetta atriði sérstaklega:

But we still have to acknowledge that all the cases of insinuations of sexual relations between men in the sagas, as well the laws dealing with such insinuations, must refer to something, and that of course some must have been having sex with each other in medieval Iceland as they have done anywhere and everywhere throughout history, even though they risked derision and social strigma.⁶⁶

Höfundur Njálu var vitanlega „lærður maður og kunnugur evrópskri bókmenntahefð á miðöldum,“ segir Svanhildur Óskarsdóttir í formáli Brennu-Njáls sögu.⁶⁷ Ármann Jakobsson telur Njálu vera „þessi frægasti og að marga

⁶⁴ Bredsdorff 1974: 129

⁶⁵ Sbr. Óttar Guðmundsson 2012: 17

⁶⁶ Ármann Jakobsson 2013: 226

⁶⁷ Svanhildur Óskarsdóttir 1996: xv

mati bestu íslenski texti allra tíma“.⁶⁸ Einmitt þess vegna tel ég mikilvægt að benda á að söguhöfundur hafi ekki í neinu atriði látið tilviljun ráða för, ekki heldur hvað stíl og frásagnaraðgerð varðar. Þvert á móti hefur hann notað bæði beinar og óbeinar tilvísanir af ráðnum hug. Ef hann hefði ekki viljað tala um samkynhneigð atriði hefði hann að öllum líkindum forðast málið.

3.2.1 Karl hinn skegglaus og taðskeggingar

Þótt höfundur útskýri persónuleika Njáls aðeins í fáum orðum minnir hann ítrekað á skeggleysi hans; það verður í raun það einkenni sem ber af öðrum „en sá hlutur var á ráði hans að honum óx eigi skegg“.⁶⁹ Söguhöfundur gefur lesendum í skyn að skeggleysið sé mikilvægt ták fyrir persónuleika Njáls í framvindu sögunnar.⁷⁰

Hann fjallar á þremur stöðum til viðbótar um skeggleysi Njáls og leggur áherslu á að Njáll sé ólíkum öðrum karlmönnum að þessu leyti. Ármann Jakobsson ræðir skeggleysi Njáls ítarlega og segir að söguhöfundur nefni það sem eins konar galla „'hlutr á ráði' indicates a defect.“⁷¹ Ármann bætir við: „the missing beard has a greater and a different significance than in other mediaeval Icelandic texts: nowhere else [...] is beardlessness such a big issue.“⁷²

Bergþóra lendir í rífrildi við Hallgerði um sætaskipan í veislu á Bergþórshvoli. Hallgerður skal setjast á óæðri bekk, hún mótmælir því og bregst ókvæða við afskiptasemi Bergþóru. Að lokum sakar Hallgerður Njál um að vera með ókarlmannlegt einkenni: „en hann [Njáll] er skegglaus“.⁷³ Með lýsingu sinni á viðbrögðum Hallgerðar beinir söguhöfundur athygli lesandans í fyrsta skipti óbeint að kynhneigð Njáls og vekur upp spurninguna um hana. Á þennan hátt örvar söguhöfundur ímyndunarafli lesandans og gerir þá móttækilegri fyrir kyngervi hans í framvindu sögunnar. Síðar hvetur Hallgerður Þráin til að drepa Þórð leysingjason. Þráinn er hræddur við væntanlega hefnd og neitar beiðni Hallgerðar sem spyr: „Hver mun hefna, hvort karl hinn skegglaus?“⁷⁴

Skeggleysið eltir Njál og tónninn í umræðunni um þetta mál harðnar stöðugt í gegnum söguna⁷⁵ þangað til Hallgerður svívíðir ekki bara Njál heldur líka syni

⁶⁸ Ármann Jakobsson 2000: 23

⁶⁹ Brennu-Njáls saga 1996: 41

⁷⁰ Sbr. Roswell 2012: 5

⁷¹ Ármann Jakobsson 2013: 213

⁷² Ármann Jakobsson 2013: 215

⁷³ Brennu-Njáls saga 1996: 67

⁷⁴ Brennu-Njáls saga 1996: 81

⁷⁵ Sbr. Helga Kress 1996: 27

hans: „er hann lét eigi aka í skegg sér að hann væri sem aðrir karlmenn og köllum hann nú karl hinn skegglausa en sonu hans taðskegginga.“⁷⁶

⁷⁶ Brennu-Njáls saga 1996: 86, 87

4 Persónuleiki Njáls

Njáll er flókin og fjölbreytt persóna sem sýnir persónuleika sinn örsjaldan beint heldur gerir það á sinn sérstakan hátt, bæði í orðaskiptum og með þögn, í hegðun gagnvart mönnum og þegar hann ætlar að fá einhverju framgengt. Í mörgum óbeinum lýsingum birtast merkilegir og tvíræðir þættir í persónu Njáls. Þar að auki virðist Njáll mikill mannþekkeri, eins konar sálfræðingur sem veitist auðvelt að greina mannlega hegðun og hafa áhrif á menn. Þess vegna langar mig að varpa ljósi á skapgerð, innræti Njáls og samskipti hans við aðra í næstu köflum.

4.1 Beinar lýsingar

Samkvæmt bókmenntafræðinni er persóna í skáldverki fyrst og fremst texti og lýsing ýmissa eiginleika. Söguhöfundur gefur henni nafn og glæðir hana lífi með því að gefa til kynna persónuleika og innræti. Til þess setur hann fram beinar og óbeinar lýsingar á framkomu, háttalagi, samskiptum, hugsunum og athöfnum. Að auki er persónu lýst með viðhorfum annarra persóna eða með lýsingum á því hvernig hún bregst við atburðum. Beinar lýsingar persónu birtast eins og staðreyndir en hins vegar getur lesandinn skapað sér eigin mynd af persónu út frá óbeinum lýsingum í sögu.⁷⁷

Beinar lýsingar Njáls í Njálu eru þessar: hann er sonur Þorgeirs gollnis Þórólfssonar og Ásgerðar Áskelsdóttur sem var landnámskona, kom frá Noregi til Íslands og nam land „fyrir austan Markarfljót milli Öldusteins og Seljalandsmúla“.⁷⁸ Þar í Landeyjum býr Njáll á Bergþórshvoli um aldamótin 1000.⁷⁹ Honum er lýst svo:

vel auðigur að fé og vænn maður yfirlits en sá hlutur var á ráði hans að honum óx eigi skegg. Hann var lögmaður svo mikill að engi var hans jafningi, vitur og forspár, heilráður og góðgjarn og varð allt að ráði það er hann réð mönnum, hógvær og drenglyndur, langsýnn og langminnigur. Hann leysti hvers manns vandræði er á hans fund kom.⁸⁰

Njáll er kvæntur Bergþóru Skarphéðinsdóttur og þau eiga þrjár dætur og þrjá syni. Auk þess eignast Njáll með Hróðnýju Höskuldsdóttur soninn Höskuld. Eftirtektarverð einkenni Njáls eru spádómsgáfa og lagabekking hans. Hann er mikill lögspekingur, við fyrstu sýn viðurkenndur stórbóndi en hefur aldrei farið með goðorð „þó höfundur takist svo vel að sýna höfðingsskap þeirra [Njáls og

⁷⁷ Sbr. Hugtök og heiti í bókmenntafræði 1983: 202

⁷⁸ Brennu-Njáls saga 1996: 41

⁷⁹ Sbr. Brennu-Njáls saga 1996: viii

⁸⁰ Brennu-Njáls saga 1996: 41

Gunnars] að lesandinn geri ósjálfrátt ráð fyrir að þeir hafi einhver slík völd,“ segir Svanhildur Óskarsdóttir.⁸¹

Á yfirborðinu virðist Njáll vera heilsteyptur, friðsamur, hreinskiptinn og heiðarlegur maður, jafn fullkominn og ósnertanlegur og sannleikurinn sjálfur. Eftir honum eru höfð hin þekktu orð sem sameina einkenni hans mjög vel: „að með lögum skal land vort byggja en eigi með ólögum eyða“.⁸² En hann hefur stundum eigin skoðanir á útlekkingum laga.

Aðeins fáar beinar lýsingar á tilfinningum Njáls eru í textanum. Á einum stað segir: „Hann [Njáll] tók þungt á kaupum hans [Gunnars].“⁸³ Seinna, þegar Gunnar hefur ákveðið að gifta Hallgerði, segir söguhöfundur: „Njáll kunni illa láti Gunnars.“⁸⁴

En Njáll er ekki sá sem hann sýnist vera; hann er óskýr persóna með tvírætt kynferði. Vísbendingar um það eru gefnar í mörgum óbeinum lýsingum og með ákveðnum atburðum sem verður fjallað um hér á eftir.

4.2 Óbeinar lýsingar

Ýmsar óbeinar upplýsingar sýna óheilindi, tvöfeldni og slægð Njáls. Hann er undirföruull og hugsar oftast aðeins um sinn eigin hag. Þar að auki er Njáll stundum svikull og hann togar oft en einu sinni í spotta til þess að ná markmiði sínu.

Lesandinn fær ekki skýra mynd af Njáli á yfirborðinu, sérstaklega ekki af kyngervi hans. Söguhöfundur felur lýsingar í óbeinum upplýsingum. Verkefni lesandans felst í því að mynda sér skoðun á hverri persónu, gildismati og hugsunum hennar og tilfinningum og þrám. Samkvæmt Svanhildi Óskarsdóttur taka samtöl „meira rúm í Njálu en í flestum öðrum Íslendingasögum“⁸⁵ og gegna mikilvægu hlutverki í Njáls sögu við að sýna eðliseiginleika persóna. Njáll gefur t.d. lesandanum innsýn í sektarkennd sína þegar hann segir við Gunnar í tengslum við víg Þórðar leysingja Þórðarsonar: „Vil eg og eigi að af mér standi afbrigð okkarrar vináttu.“⁸⁶ Nefna má annað dæmi sem sýnir góða mannþekkingu og gefur sálfræðilega hæfileika Njáls í skyn, nefnilega ummælin um „taðskegginga“. Bergþóra getur ekki hamið reiði sína vegna þessarar ásökunar Hallgerðar og hyggur umsvifalaust að hefndir. En Njáll hefur hemil á Bergþóru og útskýrir fyrir henni andlega starfsemi mannsins: „Og fer svo um

⁸¹ Svanhildur Óskarsdóttir 1996: x

⁸² Brennu-Njáls saga 1996: 135

⁸³ Brennu-Njáls saga 1996: 63

⁸⁴ Brennu-Njáls saga 1996: 150

⁸⁵ Svanhildur Óskarsdóttir 1996: xvii

⁸⁶ Brennu-Njáls saga 1996: 84

mörg mál þó að menn hafi skapraun af að jafnan orkar tvímælis þó að hefnt sé.⁸⁷

Lesandinn er þannig færður nær persónum og aðstæðum. Óbeinar lýsingar eru það stílbragð sem gera söguhöfundi kleift að hafa áhrif á skoðanamyndun lesandans. Smátt og smátt miðlar hann þaulhugsað þeim upplýsingum sem hann vill koma til skila. Mín skoðun er sú að söguhöfundur feli vísanir í samkynhneigð Njáls margoft í óbeinum lýsingum, sérstaklega í lýsingum á mannlegum samskiptum sem verða skoðaðar nánar í eftirfarandi köflum.

4.2.1 Ókarlmannleg og kvenleg einkenni

Söguhöfundur leggur áherslu á að minnsta kosti þrjú aðalatriði sem draga karlmennsku Njáls í efa. Skeggleysi, vopnleysi og spásagnargáfa teljast ekki til ríkjandi karlmenskueinkenna í íslenska miðaldasamfélaginu. Einmitt þessi atriði sýna hina ókarlmannlegu, frekar en hin kvenlegu, hlið Njáls.

Skeggleysi er náttúrliga ekki óumdeilanleg vísbending um samkynhneigð en í Njálu er skegg samt mikilvægt tákn sem stendur fyrir karlmennsku. Með orðum Ármanns Jakobssonar er skeggvöxtur „medieval symbol of manhood.“⁸⁸ Á hinn bóginn er skeggleysi kvenlegt einkenni. Í raun og veru lýsir söguhöfundur Njáli sem öðruvísi og einangrar hann frá öðrum karlmönnum á þann hátt.

Njáll er frægur fyrir *spádóma*. Mörg dæmi um spásögur eða fyrirboða fyrirfinnast í Njálu en hér má nefna tvö mikilvæg dæmi: frásögnin um Kaupa-Héðin⁸⁹ og spádómurinn um áhrif þess að höggva tvisvar í sama knérunn⁹⁰ þegar Njáll spyr Gunnar: „Vilt þú að eg segi þér það er eigi er fram komið?“⁹¹ Sá hæfileiki er einkum ætlaður konum í fornum bókmenntum. Má nefna hér sem dæmi völvuna og örlaganornirnar þrjár úr Völuspá. Söguhöfundur Njálu hefur, sem lærður og vel menntaður maður í bókmenntum, að öllum líkindum þekkt Eddukvæði. Roswell telur spádómsgáfu Njáls vera kvenlegt einkenni og segir:

Both the physical and the super-natural aspects of Njáll show him to be a feminised man who contradicts the conventions of typically male behaviour. Seiðr is associated with the old pagan ways and is therefore gendered as feminine in Njáls saga.⁹²

⁸⁷ Brennu-Njáls saga 1996: 88

⁸⁸ Ármann Jakobsson 2013: 214

⁸⁹ Sbr. Brennu-Njáls saga 1996: 43-46

⁹⁰ Sbr. Brennu-Njáls saga 1996: 110

⁹¹ Brennu-Njáls saga 1996: 109

⁹² Roswell 2012: 8

Meulengracht Sørensen fjallar um sama efni og segir: „The practise of heathen witchcraft, sorcery, included (as far as we can see) sexual activities and taboo-breaking; among other things, men appeared as a woman.“⁹³

Vopnleysi er þýðingarmikið í Njálu. Við fyrstu sýn kýs Njáll fremur lagapíng en vopnapiing. Vopn Njáls eru lagapækking og slægð sem hann notar til að verja sig og stórfjölskyldu sína og hafa stjórn á öðrum eða koma höggi á þá. Gunnar Karlsson bendir á að „annars vegar voru vopnfærir og vopnfúsir gagnkynhneigðir karlmenn, hins vegar konur og samkynhneigðir karlmenn, ásamt kannski öllum sem ekki gátu borið vopn eða vildu það.“⁹⁴ Líkt og í tengslum við lýsingu sína á skeggleysinu aðskilur söguhöfundur Njál frá karlmönnum með því að leggja áherslu á vopnleysi hans. Njáli er aðeins einu sinni lýst með vopni á sér en það er taparöxi,⁹⁵ eins konar lítil öxi sem er í hróplegu ósamræmi við axir annarra karla í Njáls sögu. Ármann Jakobsson segir: „It is indubitably masculine to wield a powerful weapon [...] Njáll seems indifferent to the gender symbolism.“⁹⁶

Að mínu mati er markmið söguhöfundar að kynna Njál öðruvísi en aðra karla, einkum með ókarlmannlegum lýsingum. Þetta er einn af rauðum þráðum sögunnar sem fela í sér samkynhneigð Njáls. Njáll býr ekki yfir miklu vopnavaldi og er ekki mikill að líkamlegu atgervi en leitast við að öðlast virðingu, sæmd og orðstír með ráðleggingum, spádómum og visku.

4.2.2 Undirferli og slægð

Eins og áður segir er Njáll ekki aðeins hin hjálpsama, sómasamlega eða heiðarlega söguhetja. Ármann Jakobsson segir um persónuleika hans: „Njáll er klæddur gervi alla söguna. Það er dýrlingsgervi. Mönnum virðist hann algóður, alvitur og allsráðandi. En það er aðeins framhliðin.“⁹⁷

Í óbeinum lýsingum sýnir söguhöfundur oft innri mann Njáls sem er m.a. undirföruull og slóttugur. Dæmi um þessa framkomu Njáls er þegar hann aðstoðar Gunnar við að heimta fé fyrir Unni. Hann gefur Gunnari ráð um að blekkja Hrút í dulbúningi Kaupa-Héðins. Hrútur er fyrst hlunnfarinn með svikum og viðurkennir skömmu síðar lævísi Njáls þegar hann segir: „Þá mun eg hér slægleiksmunur orðið hafa.“⁹⁸ Njáll er tilfinninganæmur mannþekkjari og hugsar stundum eins og sálfræðingur. Eftir víg Þórðar, sem Hallgerður lætur drepa, ná

⁹³ Meulengracht Sørensen 1983: 19

⁹⁴ Gunnar Karlsson 2006: 383

⁹⁵ Sbr. Brennu-Njáls saga 1996: 231

⁹⁶ Ármann Jakobsson 2013: 219

⁹⁷ Ármann Jakobsson 2000: 43

⁹⁸ Brennu-Njáls saga 1996: 48

Njáll og Gunnar sáttum. Gunnar spyr hann hvort synir hans eigi ekki taka þátt í þeim samningum. En Njáll undanskilur viljandi syni sína frá þessu samkomulagi og svarar Gunnari: „Ekki, því að eigi munu þeir rjúfa þá sátt er eg geri. En ef þeir eru við staddir þá munu þeir ekki saman draga.“⁹⁹ Hér staðfestir hann sjálfur kænsku sína, ekki aðeins í að sættast við Gunnar um víg Þórðar heldur einnig með valdi sínu yfir sonum sínum. En hann getur líka sjálfur vænst svika af öðrum.¹⁰⁰

Undirferli Njáls sést vel í aðferðum hans í mörgum lagadeilum. Má nefna hér sem dæmi deilumál Njálssona, þeirra Helga og Gríms, við Þráin. Þráinn leynir Hákon jarl sannleikanum um Hrapp Örgumleiðason sem Þráinn felur á skipi sínu og lætur Hákon standa í þeirri trú að Njálssynir hafi tekið Hrapp með sér á skipi til Íslands. Vegna þess reiðist Hákon jarl svo mikið að hann hvetur syni sína til þess að vega Helga og Grím sem halda samt lífi að lokum. En Njálssynir hyggja á hefndir, ráðast á Þráin og drepa hann við Markarfljót. Í kjölfar þess tekur Njáll Höskuld Þráinsson í fóstur og mér sýnist þessi ákvörðun Njáls sé í raun upphafið af einum lævísnum leikjum hans. Að mínu áliti reynir Njáll að koma í veg fyrir hefnd Höskuldar eftir föður sinn með því að taka hann í fóstur. Á þennan hátt heldur Njáll sonum sínum á lífi og enn fremur getur hann notað þá áfram til varnar gegn eigin óvinum. En þetta er honum mikilvægt, ekki síst þar sem Gunnar kappi á Hlíðarenda er dáinn. Nærtækt er að túlka þetta atriði sem tákni um undirferli og tvöfeldni Njáls.

Má nefna annað dæmi sem sýnir vel tvöfeldni Njáls. Hann segir tvisvar að hann elski Höskuld meira en alla syni sína og hafi viljað að þeir létu lífið í stað Höskuldar.¹⁰¹ Hins vegar segir hann við syni sína: „Ríða mun eg til þings því að það er sómi minn að skiljast eigi við yðvart mál meðan eg lifi.“¹⁰² Njáll er ekki sérstaklega hreinskilinn maður. Þvert á móti kemur hann málum í kring með kænsku og hugsar oftast mest um eigin hag.

Önnur dæmi um undirferli Njáls verða rædd í eftirfarandi köflum í tengslum við Þórhall Ásgrímsson, Höskuld Hvítanesgoða og Gunnar Hámundarson.

4.2.3 Ófriðsemi og hefnigirni

Njáll er gjarnan lofaður af þeim sem fjalla um Njálu fyrir friðsemd, sáttfýsi og vopnleysi en hann er einnig hefnigjarn og lætur einskis ófreistað að knýja fram vilja sinn eins og eftirfarandi dæmi sýna.

⁹⁹ Brennu-Njáls saga 1996: 84

¹⁰⁰ Sbr. Brennu-Njáls saga 1996: 135

¹⁰¹ Sbr. Brennu-Njáls saga 1996: 220, 241

¹⁰² Brennu-Njáls saga 1996: 230

Sigmundur, Skjöldur og Þráinn hafa drepið Þórð leysingjason, fóstura Njálssona. Í kjölfar þess verður Skarphéðinn óþolinmóður og spyr föður sinn: „en hvar skal þá komið er vér skulum handa hefja?“¹⁰³ Njáll segir að það muni ekki taka langan tíma og bætir við: „Engis mun eg þá um beiða.“¹⁰⁴ Þegar Njálssynir búa sig undir að drepa Sigmund spyr Njáll hvað sé í bígerð. Skarphéðinn gefur loðin svör og talar um að þeir bræður ætli í laxveiði. Njáll svarar háðslega: „Vel væri þá ef svo væri að þá veiði bæri eigi undan“¹⁰⁵ og eggjar þar með syni sína óbeint til að drepa Sigmund. Eftir að Skarphéðinn og Helgi hafa vegið Sigmund og Skjöld hrósar Njáll þeim fyrir vígið og segir: „Njótið heilir handa.“¹⁰⁶

Þorgeir Starkaðarson og Þorgeir Otkelsson ákveða að vega Gunnar, m.a. af því að hann hefur bæði drepið nokkra af ættingjum þeirra og tekið akur og land af þeim. Njáll hindrar aðför þeirra að Gunnari en hvetur hann engu að síður til að hefna sín: „En fyrir þessi fjörráð skal eigi koma minna, er við alla þá er um að eiga, en eigi skal meira koma fyrir víg annars hvors þeirra nafna þó að það kunni við að bera.“¹⁰⁷ Njáll bætir við að hann muni geyma fé fyrir Gunnar til að geta síðar greitt það í manngjöld. Í bardaga við Rangá fellir Gunnar Þorgeir Otkelsson og fleiri menn. Njáll hvetur hér líka Gunnar til þess að drepa óvini sína.

Eftir víg Gunnars hyggur Njáll ótvítætt á hefndir og segir við Sigfússyni að „heldur mundu verða að veita þeim í því vegskarð að vega nokkura í hefnd eftir hann.“¹⁰⁸ Í kjölfar þess eru fjórir banamenn Gunnars vegnir.

Árásargirni Njáls sést einnig vel þegar hann gefur sonum sínum ráð varðandi víg Þráins: „að þér munuð ekki fá að gert fyrr en þér leggið vandræði á yður og vegið með vopnum og er því langa nótt að að draga.“¹⁰⁹ Njálssynir og bandamenn þeirra drepa í kjölfarið Þráin og fleiri við Stóra Dímon.

Í þessum senum er Njáli bæði beint og óbeint lýst sem bardagaglöðum og í vígamóð, þó ekki beiti hann raunverulegum vopnum. Vopn hans felast í hæfileikanum til að hafa mikil áhrif á menn og í öðru lagi undirferli og tvöfeldni sem valda ágreiningi og dauða. Þessi dæmi sýna vissulega árásarhneigð Njálssona og Gunnars sem berjast beint með vopnum í bardögum. Aftur á móti er hefningirni Njáls að mestu leyti dulin. Hann vegur aldrei sjálfur heldur hvetur

¹⁰³ Brennu-Njáls saga 1996: 85

¹⁰⁴ Brennu-Njáls saga 1996: 85

¹⁰⁵ Brennu-Njáls saga 1996: 88

¹⁰⁶ Brennu-Njáls saga 1996: 90

¹⁰⁷ Brennu-Njáls saga 1996: 134

¹⁰⁸ Brennu-Njáls saga 1996: 150

¹⁰⁹ Brennu-Njáls saga 1996: 180

hann syni sína og Gunnar til að drepa. Njálssynir og Gunnar verða einskonar verkfæri fyrir árásgirni Njáls.

4.2.4 Stjórnsemi

Njáll hefur ekki aðeins mikla stjórn á sjálfum sér heldur einnig á samfélagi sínu. Hann lætur ekki ögra sér og bregst alltaf rólega við og lætur ásakanirnar annarra í sinn garð sér í léttu rúmi liggja. Þar með virðist hann ósnertanlegur og sterkur. Þessi hegðun er eins konar vopn hans. Markmið Njáls er að stofna til stöðugra sambanda og vináttu en honum tekst það einungis á yfirborðinu um takmarkaðan tíma en missir svo stjórn á röð viðburða þegar líður á söguna.

Hann ákvarðar að mestu leyti lífsferil barna sinna, fósturssona sinna og Gunnars. En í flestum tilvikum er markmið Njáls að styrkja sína eigin stöðu. Að mestu leyti eru börn Njáls sammála honum, þau eru ekki vön að andmæla honum og láta ákvarðanir föður síns yfir sig ganga. Örsjaldan ákveða börn Njáls mál sín upp á sitt eindæmi en oftast leita þau ráða hjá Njáli. Hér má nefna að Skarphéðinn „bað föður sinn ráða“¹¹⁰ þegar hann þurfti að velja eiginkonu handa sjálfum sér. Annað dæmi eru mægðir Helga Njálssonar og Þórhöllu, dóttur Ásgríms Elliða-Grímssonar. Njáll sá til þess að Helgi kvæntist Þórhöllu en um sama leyti bauð hann bróður hennar, Þórhalli Ásgrímssyni til fósturs. Þórhallur fær síðan, eins og faðir hans, mikilvægt hlutverk í réttarhöldunum eftir víg Höskuldar Hvítanesgoða og eftir brunann á Bergþórshvoli. Ásgrímur er fimur samningsmaður og auk þess notfærir hann sér gagnleg sambönd sín í þágu Njáls. Þórhallur reynist líka vera snjall lögspekingur.

Annað dæmi er persóna Kára Sölmundarsonar sem leikur þýðingarmikið hlutverk í sögunni. Hann veitir Njálssonum, þeim Helga og Grími, aðstoð í Orkneyjum og þeir verða eftir það óaðskiljanlegir vinir. Upp frá þessu hefur Kári sterkar taugar til fjölskyldu Njáls. Kári ber upp bónorð við Helgu Njálisdóttur sem tekur honum. Kári myndar náð bandalag með Njáli og sonum hans og berst gegn sameiginlegum óvinum fjölskyldunnar. Kári er hugrakkur vígamaður líkt og Gunnar á Hlíðarenda. Síðar hefnir Kári fyrir brennuna en í lokin sættist hann við Flosa með því að kvænast Hildigunni sem var áður eiginkona Höskulds Hvítanesgoða.

Njáll treystir sambönd sín við aðra menn með góðum ráðum til þess síðan að nýta sér liðveislu þeirra. Á þennan hátt „kaupir“ Njáll sér bandamenn og þeir verða háðir honum að lokum. Gott dæmi um þetta er Hjalti Skeggjason sem

¹¹⁰ Brennu-Njáls saga 1996: 51

segir: „Njáll hefir beðið mig liðveislum. Hefi eg og í gengið og heitið honum mínu liðsinni. Hefir hann áður selt mér laun og mörgum öðrum í heilræðum sínum.“¹¹¹

Eftirtektarvert er að Njáll safnar börnum sínum og mökum þeirra saman á heimili sínu. Varla nokkur má fara burt frá honum. Jafnvel Höskuldur Hvítanesgoði og eiginkona hans flytja til Njáls um nokkurt skeið¹¹² og það sama gera Kári og Helga.¹¹³ Með slíkum hætti nær Njáll völdum yfir börnum sínum og tengdabörnum og hefur jafnvel áhrif á þau sem gagnast honum, hinum vopnlausu föður, til verndar. Söguhöfundur lýsir gagnkvæmum tengslum Njáls og Höskuldar þannig: „Njáll réð honum hjón öll. Og svo var dætt með þeim öllum saman að engum þótti ráð ráðið nema þeir réðu allir um.“¹¹⁴ Synir Njáls virðast svo undirgefnir gagnvart föður sínum og ómyndugir að þeir spyrja hann um leyfi eða samþykki fyrir flestu sem þeir gera. Þeir fylgja honum ennfremur að mestu án mótmæla í brennuna og láta brenna sig inni að lokum. Aðeins Skarphéðinn mótmælir hér föður sínum en Njáll virðist vera móðgaður út af því. Hann svarar ásakandi og skapar þannig sektartilfinningu í brjósti sonanna: „Nú mun sem oftast að þér munuð bera mig ráðum, synir mínir, og virða mig engis. En þá er þér voruð yngri gerðuð þér það eigi og fór yðvart ráð þá betur fram.“¹¹⁵

Í þessum atburðum birtist vel persónuleiki Njáls og það hvernig hann treystir völd sín með undirferli og slægð. Þetta eru einkenni sem ganga eins og rauður þráður í gegnum alla söguna. Söguhöfundur lýsir sérstaklega sonum Njáls, fósturssonum og Gunnari sem nokkurs strengjabrúðum hans en hann sjálfur er í hlutverki leikstjórans.

4.3 Tilfinningaleg sambönd við karlmenn

Njáll tekur þrjá unga drengi í fóstur í rás sögunnar, þá Þórhall Ásgrímsson, Höskuld Hvítanesgoða og Þórð Kárason. Athyglisverð er lýsing söguhöfundar á þessum samböndum; Njáll styður og elskar þessa fóstursyni meira en sína eigin syni. Í sögunni fá Þórhallur, sem kemur fyrstur í fóstrur til Njáls, og Höskuldur mikla athygli. En Þórður kemur ekki mikið við sögu. Njáll er hrifinn af ungum og fríðum karlmönnum sem sýna kurteisi og greind. Í þessu sambandi má einnig minna á nána vináttu og djúpa væntumþykju á milli Njáls og Gunnars. Njáll sýnir ekki mikinn áhuga á því að ala upp og kenna sínum eigin sonum. Öllu heldur leggur hann mikla áherslu á mikilvægi menntunar fóstursonanna, þeirra

¹¹¹ Brennu-Njáls saga 1996: 231

¹¹² Sbr. Brennu-Njáls saga 1996: 194

¹¹³ Sbr. Brennu-Njáls saga 1996: 178

¹¹⁴ Brennu-Njáls saga 1996: 194

¹¹⁵ Brennu-Njáls saga 1996: 255

Höskuldar og Þórhalls. Njáll býður þeim að feta í fótspor sín og verða þeir mestu lögspekingarnir að lokum.

Í Njáls sögu er tjáning tilfinninga aldrei eins ákøf og innileg eins og þegar Njáll talar um samband sitt við Höskuld og Gunnar. Þessar tilfinningar birtast einnig í beinum samtölum við þá. Söguhöfundur framkallar þar nokkurs konar rómantískt andrúmsloft.

Lýsing söguhöfundar á Höskuldi Hvítanesgoða á sér hliðstæðu í persónu Gunnars. Höskuldur „var bæði mikill og sterkur, manna fríðastur sýnum og hærður vel, manna best vígur, blíður í máli, örlátur, stilltur vel, orðgóður til allra manna og vinsæll“.¹¹⁶ Gunnari er lýst á svipaðan hátt: „Hann var mikill maður vexti og sterkur [...] Hann var vænn að yfirliti og ljóslitaður [...] Manna var hann kurteisastur, harðger í öllu, ráðhollur og góðgjarn, mildur og stilltur vel, vinfastur og vinavandur.“¹¹⁷ Kristján Jóhann Jónsson segir: „Höskuldur virðist líka mjög líkur Gunnari frænda sínum [...] er það þess vegna sem Njáll fær á honum svona mikið dálæti?“¹¹⁸

Óttar Guðmundsson geðlæknir túlkar náíð samband Njáls við ungu karlmennina svo: „Hjónaband hans og Bergþóru hefur ekki verið hamingjusamt og Njáll sækir í félagsskap ungra og fallegra manna eins og Gunnars og Höskuldar. Hann veltir fyrir sér eigin kynhneigð og óttast hvert þær hugsanir geti leitt hann.“¹¹⁹

4.3.1 Gunnar Hámundarson

Söguhöfundur veitir sambandi Gunnars og Njáls enn meiri athygli og rými en samböndum Njáls við aðra karlmenn. Að mestu fela lýsingarnar í sér ábendingar um brothætta vináttu nánna vina. Söguhöfundur fjallar aðallega um að Njáll verndi Gunnar stöðugt. Enn fremur lýsir hann stjórn Njáls á Gunnari og baráttu hans fyrir að auka virðingu vinar síns og koma í veg fyrir hann verði drepinn.

Söguhöfundur lýsir Gunnari þannig:

Hann var mikill maður vexti og sterkur og allra manna best vígur. Hann hjó báðum höndum og skaut ef hann vildi og vó svo skjótt með sverði að þrjú þóttu á lofti að sjá. Hann skaut manna best af boga of hæfði allt það er hann skaut til. Hann hljóp meir en hæð sína með öllum herklæðum og eigi skemmra aftur en fram fyrir sig. Hann var syndur sem selur. Og eigi var sá leikur að nokkur þyrfti við hann að keppa og hefir svo verið sagt að engi væri hans jafningi.

¹¹⁶ Brennu-Njáls saga 1996: 188, 189

¹¹⁷ Brennu-Njáls saga 1996: 40

¹¹⁸ Kristján Jóhann Jónsson 1998: 155

¹¹⁹ Óttar Guðmundsson 2012: 61

Hann var vænn að yfirliti og ljóslitaður, rétt nefið og hafið upp í framanvert, bláeygur og snareygur og rjóður í kinnum, hárið mikið, gult, og fór vel. Manna var hann kurteisastur, harðger í öllu, ráðhollur og góðgjarn, mildur og stilltur vel, vinfastur og vinavandur. Hann var vel auðigur að fé.¹²⁰

Gunnari er lýst sem miklum bardagamanni en samt birtast hér líkindi með Gunnari og báðum fóstursonum Njáls. Allir þessir karlmenn sameina fríðleika, kurteisi og góðmennsku, þeir eiga líka góðan ráðgjafa í Njáli og að auki eru þeir mjög tryggir vinir Njáls.

Lýsingar söguhöfundar á tilfinningum milli Njáls og Gunnars eru eftirtektarverðar. Sérstaklega er Njáll mjög hrifinn af Gunnari og mjög hræddur um hann. Söguhöfundur gefur lesandanum skýra vísbendingu um að Njáll kvíði fyrir dauða vinar síns og reyni stöðugt að vernda hann. Söguhöfundur fjallar óbeint um þetta atriði. Má nefna sem dæmi þegar Unnur biður Gunnar frænda sinn um að heimta fé sitt af Hrúti og sendir hann til Njáls. Gunnar ráðfærir sig við Njál sem segir: „Margir eru þess vinir mínir maklegir að eg leggi til það sem heilt er en ætla eg að eg leggi mesta stund á við þig.“¹²¹ Og Njáll bætir við: „En þó mun eg til leggja með þér það er mér þykir vænst og mun það endast ef þú bregður hvergi af en líf þitt í hættu ef þú gerir eigi svo.“¹²²

Njáll er með líkum hætti hræddur um Gunnar í hestaati við Starkað og menn hans. Markmið Starkaðar og féлага er ekki aðeins að sigra í hestaatinu heldur einnig að drepa Gunnar. Þorgeir og Kolur, bandamenn Starkaðar, reyna að vega Gunnar en Njáll er ákveðinn í að vernda vin sinn fyrir yfirvofandi hættu og dauða. Hann vill ekki missa Gunnar, heldur tryggja hann sleppi úr greipum dauðans og reynir að ná sáttum á milli óvinanna. Í þessum atburði birtist nán tengsl og traust vinanna hvor til annars.

Annað dæmi er þegar Njáll – hinn friðelskandi og vopnlaus karlmaður – hvetur vin sinn til að bera vopn til að vera viðbúinn yfirvofandi árás: „Njáll bað Gunnar vera varan um sig, kvað sér sagt að þeir undan Þríhyrningi ætluðu að fara að honum og bað hann aldrei fara við fámenni og hafa jafnan vopn sín.“¹²³

Hann kemur einnig í veg fyrir aðför að Gunnari sem Þorgeir Otkelsson og Þorgeir Starkaðarson hafa í hyggju.¹²⁴ Eftir víg Þorgeirs Otkelssonar er Gunnari dæmdur útlægur og Njáll varar hann eindregið við að hundska dóminn: „En ef þú

¹²⁰ Brennu-Njáls saga 1996: 40

¹²¹ Brennu-Njáls saga 1996: 43

¹²² Brennu-Njáls saga 1996: 43

¹²³ Brennu-Njáls saga 1996: 119

¹²⁴ Sbr. Brennu-Njáls saga 1996: 133-134

ferð eigi utan og rýfur sætt þína þá munt þú drepinn vera hér á landi og er það illt að vita þeim er vinir þínir eru.¹²⁵

Enda þótt það gerist sjaldan að Gunnar fari ekki að ráðum Njáls ræður hann sjálfur lífi sínu eftir að honum hefur verið vísað úr landi. Hann dvelur heima á Hlíðarenda. Sem síðasta mögulega úrræði leggur Njáll eftirfarandi til: „Nú vil eg að Skarphéðinn fari til þín og Höskuldur sonur minn og munu þeir leggja sitt líf við þitt líf.“¹²⁶ Ást Njáls er ótvírætt sterkari til Gunnars en ást hans til sona sinna. Hann virðist raunar reiðurbúinn að fórna sonum sínum fyrir Gunnar. Með þessu sýnir Njáll óhóflega eigingirni sína og hversu heltekinn hann er af ást til Gunnars.

Einnig tel ég mikilvægt að draga fram dæmi um tilfinningasöm ummæli Njáls sem snerta Gunnar. Í svokölluðum húskarlavígum láta Bergþóra og Hallgerður drepa húskarla þeirra vina og valda þannig ágreiningi á milli fjölskyldanna tveggja. Njáll er mjög ákveðinn í að halda fast í vináttu sína við Gunnar þótt átök kvennanna séu alvarleg. Hann segir við Gunnar: „Það höfum við ætlað að láta okkur ekki á greina.“¹²⁷

Þegar réttahöldin eftir víg Þorgeirs Otkelssonar hefjast sver Njáll vini sínum hollustu sem hljómar eins og hjónabandsloforð: „Halda mun eg við þig mínum trúnaði til dauðadags.“¹²⁸

Eftir víg Sigmunds lofa þeir vinirnir hvor öðrum síðan áframhaldandi tryggðum: „Þeir mæltu það báðir, Gunnar og Njáll, að engir hlutir skyldu þeir til verða að eigi semdu þeir sjálfir. Efnist það og vel síðan og voru þeir jafnan vinir.“¹²⁹ Gagnkvæm loforð þeirra sýna sterkt tilfinningarsamband milli þeirra.

Gunnar ákveður mál sín örsjaldan sjálfur. Það er svo að segja óhugsandi að hann leysi mál sín án ráða Njáls. Gunnar er í rauninni mjög ósjálfstæður og yfirleitt háður aðstoð og ráðleggingum bóndans á Bergþórshvoli. En ein merkileg undantekning er þegar hann ákveður að kvænast Hallgerði. Þetta kemur Njáli á óvart; hann er ekki ánægður og „tók þungt á kaupum hans [Gunnars]“.¹³⁰ Einnig varar Njáll Gunnar við Hallgerði: „Af henni mun standa allt hið illa er hún kemur austur hingað.“¹³¹ En Gunnar reynir að róa Njál: „Aldrei skal hún spilla okkur vinfengi.“¹³² Hann endurtekur þetta í samtali við Hallgerði á

¹²⁵ Brennu-Njáls saga 1996: 142

¹²⁶ Brennu-Njáls saga 1996: 144-145

¹²⁷ Brennu-Njáls saga 1996: 77

¹²⁸ Brennu-Njáls saga 1996: 140

¹²⁹ Brennu-Njáls saga 1996: 91

¹³⁰ Brennu-Njáls saga 1996: 63

¹³¹ Brennu-Njáls saga 1996: 63

¹³² Brennu-Njáls saga 1996: 63

meðan á húskarlavígum stendur, „kveðst aldrei bregðast skyldu Njáli né sonum hans“.¹³³

Eins og bent var á reyndi Njáll að hafa fulla stjórn á öllum. En skoðun mín varðandi brúðkaup Gunnars er sú að Njáli finnst Hallgerður truflar vináttu þeirra karlmannna og vilji ekki deila Gunnari með henni. Hallgerður verður keppinautur Njáls í baráttunni um Gunnar. Njáll er afbrýðisamur út í hana og þvingar Gunnar í raun og veru til að velja milli ástar sinnar á Hallgerði og vináttunnar við hann. Njáll gerir Gunnar háðan sér með ráðleggingum, loforðum, fagurgala og aðdáun sinni á honum.

Á hinn bóginn finnst Hallgerði náin vinátta þeirra karla skrítin. Í húskarlavígunum eru Gunnar og Njáll óaðskiljanlegir og Hallgerður segir í því sambandi: „Jafnkomið mun á með ykkur Njáli er hvortveggi er blauður.“¹³⁴ Eins og áður hefur komið fram vísar hugtakið *blauður* m.a. til kvenlegra einkenna. Í þessum orðum birtist efi Hallgerðar um kynhneigð Gunnars og Njáls. Með þessum ummælum gefur söguhöfundur í skyn að eitthvað sé bogið í sambandi Njáls og Gunnars.

Að auki er mjög merkilegt að Njáli detti aldrei í hug að gifta eina af dætrum sínum Gunnari, hinni virtu hetju. Að mínu mati eru rökin þau að Njáll er ákveðinn að eiga vin sinn einn.

Gunnar er afar vel metinn maður víða um land. Söguhöfundur fjallar í sumum köflum um viðurkenningar og virðingar Gunnars, t.d. „Var Gunnar svo vinsæll“.¹³⁵ Þá segir Ólafur pái Höskuldsson, bróðir Hallgerðar, við Gunnar: „þar er þú þykir nú ágætastur maður um allt land.“¹³⁶ Söguhöfundur varpar ítrekað ljósi á sæmd Gunnars. Margoft gerir hann það með ummælum Njáls. Sæmd snýst oftast um árangur Gunnars í málferlum á Alþingi eða í undirbúningi fyrir þau.¹³⁷ Njáll er sannfærður um að hann stjórni öllum málum Gunnars og afleiðingar sinna góðu ráða sé vaxandi heiður vinar hans. Má taka hér dæmi af ráðleggingum Njáls: „Eigi er að níta sjálfdæminu, þess að meiri sæmdar er fyrir vert, er meira er málið.“¹³⁸ Seinna segir Njáll enn fremur: „Þú munt ríða til þings og munt þú njóta við ráða minna og fá af þessu máli hina mestu sæmd.“¹³⁹ Þar að auki brýnir Njáll Gunnar til átaka þar sem vænta má mikilla virðinga og segir hann meðal annars: „Og svo sem þér varð hin fyrri utanferð mikil til sæmdar þá

¹³³ Brennu-Njáls saga 1996: 74

¹³⁴ Brennu-Njáls saga 1996: 77

¹³⁵ Brennu-Njáls saga 1996: 111

¹³⁶ Brennu-Njáls saga 1996: 136

¹³⁷ Sbr. Brennu-Njáls saga 1996: 50, 104, 113, 130

¹³⁸ Brennu-Njáls saga 1996: 103

¹³⁹ Brennu-Njáls saga 1996: 109

mun þér verða sjá miklu meir til sæmdar. Munt þú koma út með mannvirðingu mikilli og verða maður gamall og mun engi maður hér þá á sporði þér standa.¹⁴⁰ Seinna bætir hann við: „að þetta mun þér verða til hinnar mestu sæmdar áður þessu þingi sé lokið.“¹⁴¹

Að minni hyggju gefa óbeinar lýsingar söguhöfundar í skyn að Njáll kunni sjálfur að njóta virðinga Gunnars og má jafnvel líta svo á að hann sé að baða sig í aðdáun almennings á Gunnari. Njáll samsamar sig að minnsta kosti öllum þessum virðingum hetjunnar. Í raun er Njáll sá sem byggir upp frama og árangur vinar síns en aftur á móti veldur hann ómeðvitað, með ýktri ást sinni, ógæfu Gunnars. Njáll virðist, með öðrum orðum, vera blindur af ást til Gunnars. Ármann Jakobsson segir um það: „Öfughneigðin er gefin í skyn í öllu eðli og samskiptum Gunnars og Njáls en brýst aldrei fram.“¹⁴²

Njáll stjórnar Gunnari í nánast öllum málum og leggur sig í líma við að byggja upp virðingu hans. Ármann Jakobsson segir um samband Njáls og Gunnars: „Njáll is not only in control of his family. He manipulates every law and every notable man in Iceland in order to assist Gunnar.“¹⁴³ Hvort sem Gunnar lendir í vandræðum eða kemst hjá vandræðum í byrjun, fær hann stöðugt aðstoð frá Njáli. Njáll reynir að stjórna Gunnari m.a. með því að einangra hann frá öðrum og sýna honum sérstaka væntumþykju. Til dæmis neitar Otkell Skarffsson Gunnari um hey og matvörur. Í staðinn gefur Njáll honum matvæli og segir: „Vil eg að þú leitir aldrei annarra en mín ef þú þarft nokkurs við.“¹⁴⁴ Gunnar svarar: „Góðar eru gjafir þínar, en meira þykir mér verð vinátta þín og sona þinna.“¹⁴⁵ Njáll hefur einnig oft áhrif á skoðanir Gunnars sem svarar án tafar: „Svo mun vera.“¹⁴⁶ Þetta tilsvár er raunar dæmigert fyrir hann og sýnir vel álit Gunnars á hugvitssemi Njáls. Óttar Guðmundsson lýsir sambandi vinanna þannig: „Í sögunni er Njáll eins og æðri máttur Gunnars sem hann umgengst af óttablandinni virðingu.“¹⁴⁷

Njáll beitir ýmsum brögðum til að hjálpa Gunnari. Njála er full af dæmum um undirferli og slægð Njáls sem lýsa vel hvernig hann skapar Gunnari ávinning.¹⁴⁸ Hallgerður kyndir undir áframhaldandi ófriði á milli Gunnars og Otkels þar eð hún hvetur þrælinn Melkólf til þjófnaðar í Kirkjubæ, þar sem Otkell er bóndi.

¹⁴⁰ Brennu-Njáls saga 1996: 142

¹⁴¹ Brennu-Njáls saga 1996: 102

¹⁴² Ármann Jakobsson 2000: 37

¹⁴³ Ármann Jakobsson 2013: 233

¹⁴⁴ Brennu-Njáls saga 1996: 94

¹⁴⁵ Brennu-Njáls saga 1996: 94

¹⁴⁶ Brennu-Njáls saga 1996: 84

¹⁴⁷ Óttar Guðmundsson 2012: 45

¹⁴⁸ Sbr. kafla 5.2.2 atburður um Kaupa-Héðin og Brennu-Njáls saga 1996: 128-130

Deilan endar að lokum í bardaga við Rangá þegar Gunnar drepur m.a. Otkel. Í málaferlunum sem koma í kjölfarið hótar Njáll Geir með þessum orðum: „Skalt þú og það að vita Geir goði að enn er eigi upp kastað þeirri skóggangssök er á þér stendur og skal sú eigi niðri liggja ef þú vilt ekki gera fyrir mín orð.“¹⁴⁹

Aðferðir Njáls í málarekstri fyrir hönd Gunnars vekja athygli annarra manna og þeir draga heilindi Njáls í efa að lokum. Vegna ástar sinnar til Gunnars villist Njáll augljóslega af rétttri braut. Gissur tekur eftir hinu sérstaka sambandi og segir: „Má það sjá að nær standa vinir Gunnars og mun sá verða málahluti vor bestur að góðir menn geri um ef Gunnar vill það.“¹⁵⁰ Fleiri eru efins um aðferðir Njáls: „Þetta þótti mönnum undarlegur málátibúnaður,“ segir eftir málsvörn Njáls í kjölfar hestaatsins.¹⁵¹ Mörður kvartar með líkum hætti undan afskiptum Njáls í réttarhöldunum eftir að Þorgeirarnir hafa setið fyrir Gunnari og á ekki von á neinu góðu. Söguhöfundur lýsir því þannig: „Mörður taldi á þá mjög er þeir höfðu lagið mál undir Njál þar sem hann var vinur Gunnars mikill, kvað þeim það illa duga mundu.“¹⁵²

Dauði Gunnars fellur Njáli þungt og veldur honum sárum vonbirgðum sem leiða beinlínis til árásarhneigðar. Njáll er sagður harðákveðinn í: „að vega nokkura í hefnd eftir hann [Gunnar]“.¹⁵³ Þetta er fyrsta og síðasta sinn sem Njáll hyggur beint á blóðhefnd. Með því að lýsa hefndarhug hans vill söguhöfundur draga fram hversu sterk og djúp ást Njáls til Gunnars hefur verið.

4.3.2 Þórhallur Ásgrímsson

Ásgrímur Elliða-Grímur er frændi Gunnars og virtur, snjall og áhrifamikill höfðingi. Eftir brúðkaup Helga Njálssonar og Þórhöllu, dóttur Ásgríms, tekur Njáll Þórhall, son Ásgríms, í fóstur. Í fyrstu kynningu söguhöfundar á Þórhalli segir að hann sé „efnilegur“.¹⁵⁴ Síðar bætir söguhöfundur við að hann „unni meira Njáli en föður sínum“.¹⁵⁵ Nokkru síðar lýsir söguhöfundur Þórhalli nánar: „Þórhallur var röskur maður og harðger í öllu. Hann hafði numið svo lög að Njáli að hann var hinn þriðji mestur lögmaður á Íslandi.“¹⁵⁶ Síðar segir: „Hann var mikill maður vexti og rammur að afli, dökkur á hár og svo á skinnslit, vel orðstilltur og þó skapbráður.“¹⁵⁷ Hlutverk Þórhalls er veigamest í málaferlum eftir

¹⁴⁹ Brennu-Njáls saga 1996: 113

¹⁵⁰ Brennu-Njáls saga 1996: 113

¹⁵¹ Brennu-Njáls saga 1996: 128

¹⁵² Brennu-Njáls saga 1996: 135

¹⁵³ Brennu-Njáls saga 1996: 150

¹⁵⁴ Brennu-Njáls saga 1996: 52

¹⁵⁵ Brennu-Njáls saga 1996: 53

¹⁵⁶ Brennu-Njáls saga 1996: 218

¹⁵⁷ Brennu-Njáls saga 1996: 283

dauða Höskuldar Hvítanesgoða en hann tekur upp málið fyrir hönd Njáls og fjölskyldu hans.

Söguhöfundur lýsir ekki tilfinningum Njáls til Þórhalls með jafnstærkum hætti og tilfinningum hans til Höskuldar. Þórhallur er aftur á móti sá karlmaður sem sýnir hve sterkastar tilfinningar eftir dauða Njáls. Söguhöfundur notar mismunandi aðferðir til að lýsa tilfinningum þessara tveggja manna. Njáll er greinilega tilfinningasamari í sambandi sínu við Höskuld heldur en Höskuldur er við hann. Í sambandinu milli Njáls og Þórhalls er Þórhallur hins vegar í hlutverki hins tilfinningasama manns.

Söguhöfundur eignar Þórhalli kvenlega eiginleika, rétt eins og Njáli. Á leiðinni til þings er hann „í kasti mórendu“ og hlæja Njálssýnir vegna þess að honum.¹⁵⁸ Samkvæmt Ármanni Jakobssyni var *kast* íslenskur kvenfatnaður á miðöldum.¹⁵⁹ Hliðstæða þessa klæðnaðar eru silkislæður Njáls og að mínu mati draga báðar flíkur karlmennsku viðkomandi karla í efa. Sem annað dæmi má nefna fótarmeisli Þórhalls sem söguhöfundur lýsir þannig: „var svo digur og þrúttinn sem konulær“.¹⁶⁰ Hér veldur sár Þórhalls því að hann verður kvenlegur. Þórhallur á mjög erfitt eftir dauða fóstursföður síns. Söguhöfundur lýsir líkamstjáningu hans svo: „Þórhalli Ásgrímssyni brá svo við er honum var sagt að Njáll fóstari hans var dauður og hann hafði inni brunnið að hann þrútnaði allur og blóðbogi stóð úr hvorritveggju hlustinni og varð eigi stöðvað og féll hann í óvit og þá stöðvaðist.“¹⁶¹ Enginn annar bregst á svo tilfinningaþrunginn hátt við dauða Njáls. Að mínu mati sýnir þessi lýsing á viðbrögðum Þórhalls djúpa ást hans til Njáls.

Í byrjun málaferlanna gegn brennumönnum sýnir Þórhallur bæði merki sorgar og árásarhneigðar: „Þeir Ásgrímur litu til hans og var andlit hans sem í blóð sæi en stórt hagl hraut úr augum honum. Hann bað færa sér spjót sitt. Það hafði Skarphéðinn gefið honum og var hin mesta gersemi.“¹⁶² Ravizza túlkar báðar lýsingarnar á blóði og tárur sem tákni um djúpa örvæntingu Þórhalls. Skoðun hennar er sú að líkamstjáning Þórhalls sýni í raun og veru tilfinningar hans, og lýsir hún frásögninni sem myndhvörfum. Enn fremur bætir hún við að allar lýsingar á roðnun í tengslum við grát séu tákni fyrir harm í Njálu.¹⁶³ Andrew Hamar segir um tár Þórhalls: „The tears like hailstones are a conventional motif, used to portray simultaneously great grief and the desire for violent

¹⁵⁸ Brennu-Njáls saga 1996: 230

¹⁵⁹ Sbr. Ármann Jakobsson 2013: 216

¹⁶⁰ Brennu-Njáls saga 1996: 283

¹⁶¹ Brennu-Njáls saga 1996: 271

¹⁶² Brennu-Njáls saga 1996: 299

¹⁶³ Sbr. Ravizza 2010: 158

retaliation.¹⁶⁴ Á hinn bóginn er grátur samkvæmt Helgu Kress merki um ókarlmennsku og jafnvel vísun til kvenlegra einkenna.¹⁶⁵

Þórhallur er útvalinn af Njáli til að taka við stöðu hans sem lögspekings. Í málaferlunum sýnir Þórhallur hæfni sína og kænsku í samningum og hlýtur mikla virðingu fyrir. „Vitur maður ert þú Þórhallur og skal þín ráð hafa“, segja til dæmis Ásgrímur faðir hans og bandamenn hans við Þórhall í byrjun réttahaldanna eftir víg Höskulds.¹⁶⁶ Seinna bætir Ásgrímur við: „Sagði Njáll mér svo að hann hefði svo kennt Þórhalli lög að hann mundi mestur lögmaður vera á Íslandi þó að reyna þyrfti.“¹⁶⁷

Söguhöfundur fjallar ítarlega um hin flóknu réttarhöld eftir brunann á Bergþórshvoli. Aftur og aftur þurfa deilendur að gefa eftir í kröfum sínum. Málaferlin hafa mikil áhrif á Þórhall:

En er hann heyrði þetta brá honum svo við að hann mátti eigi orði upp koma. Hann spratt þá upp úr rúminu og þreif tveim höndum spjótið Skarphéðinsnaut og rak í gegnum fótinn á sér. Var þar á holdið og kveisunaglinn á spjótinu því að hann skar út úr fætinum en blóðfossinn fellur og vogföllin svo að lækur féll eftir gólfinu. Hann gekk nú út úr búðinni óhaltur og fór svo hart að sendimaðurinn fékk ekki fylgt honum.¹⁶⁸

Þessi óbeina lýsing á ýktum tilfinningum Þórhalls sýnir afstöðu hans til aðferðar mótaðilans. Söguhöfundur lýsir í hér sálrænu ástandi Þórhalls og varpar um leið ljósi á hefnigirni hans. Þessi hefnigirni er í mínum augum afleiðing vonbrigða Þórhalls við að sjá að baki sínum elskaða Njáli. Markmið hans er að hefna Njáls og valda banamönnum hans skaða. Þórhallur er í mikilli geðhræringu og gegnur beint til fimmtardómsins. Hann mætir þar Grími hinum rauða, frænda Flosa, og „jafn skjótt sem þeir fundust lagði Þórhallur til hans spjótinu og kom í skjöldinn og klofnaði hann í sundur en spjótið hljóp í gegnum hann svo að oddurinn kom út á milli herðanna. Þórhallur kastaði honum dauðum af spjótinu.“¹⁶⁹

Kænska og lagabekking Þórhalls eru oft til umræðu, bæði beint og óbeint. Sem beina lýsingu má nefna Skafta sem segir undrandi: „Fleiri eru nú allmiklir lögmenn en eg ætlaði. [...] En það ætlaði eg að eg einn mundi nú kunna þessa lagaréttning nú er Njáll er dauður því að hann einn vissi eg kunna.“¹⁷⁰ Ljóst er að Njáll hefur frætt Þórhall einnig hvers virði djúphygli er í lagaprættum. Þórhallur

¹⁶⁴ Hamar 2008: 118

¹⁶⁵ Sbr. Helga Kress 1996: 23-24

¹⁶⁶ Brennu-Njáls saga 1996: 240

¹⁶⁷ Brennu-Njáls saga 1996: 306

¹⁶⁸ Brennu-Njáls saga 1996: 316

¹⁶⁹ Brennu-Njáls saga 1996: 316

¹⁷⁰ Brennu-Njáls saga 1996: 307

sannar frábæra lagaþekkingu sína og þess vegna ganga málaferlin illa fyrir Flosa. Eyjólfur, bandamaður Flosa, er óánægður með útkomuna og dregur eftirfarandi ályktun: „Hefir hér nú fram komið slægð Þórhalls og er hann engum manni líkur að viti sínu.“¹⁷¹ Þegar Njáll sér sína sæng uppreidda treystir hann sínum elskaða vini Þórhalli og góðri lagaþekkingu hans og segir við hann: „Þá munt þú best gefast er mest liggur við.“¹⁷² Djúp væntumþykja Þórhalls til Njáls og sterkt samband þessara tveggja karla birtast einkum í óbeinum lýsingum söguhöfundar; sérstaklega í þeim lýsingum sem fjalla um slægð Þórhalls í málaferlunum. Þórhallur reynir að hefna Njáls með öllum ráðum og takast þannig á við harm sinn eftir dauða Njáls.¹⁷³

4.3.3 Höskuldur Þráinsson Hvítanesgoði

Höskuldur er sonur Þráins Sigfússonar og Þorgerðar Glúmsdóttur, dóttur Hallgerðar langbrókar Höskuldsdóttur. Eftir víg föður síns er Höskuldur fyrst í fóstri hjá Katli Sigfússyni í Mörk. Njáll heimsækir Ketil og býður þar Höskuldi til fósturs. Söguhöfundur lýsir boðinu þannig:

Um kveldið gekk sveinninn að honum og kallaði Njáll á hann. Gekk hann þegar til hans. Njáll hafði fingurgull á hendi og sýndi sveininum. Sveinninn tók við gullinu og hugði að og dró á fingur sér. Njáll mælti: „Vilt þú þiggja gullið að gjöf?“ „Þiggja vil eg vist,“ segir sveinninn.¹⁷⁴

Að mínu mati lokkar Njáll drenginn með gjöfinni frá Katli til sín og lýkur senunni á því að sagt er að Njáll „lét sveininum ekki í mein og unni mikið.“¹⁷⁵ Fyrir utan að bjarga sjálfum sér og sonum sínum notar Njáll hér tækifærið að taka í fóstur ungan strák sem honum lýst vel á. Eftirtektarvert er að Höskuldur fer í fóstur til banamanna föður síns og elst upp með þeim. Söguhöfundur vekur upp spurningar hvað í ósköpunum fái Njál til þess að fóstura drenginn á meðal morðingja föður hans.

Eftir víg Höskuldar segir Njáll niðurbrotinn: „Hörmuleg tíðindi eru þetta og er slíkt illt að vita því að það er satt að segja að svo fellur mér þetta nær um trega að mér þætti betra að hafa látið tvo sonu mína of lifði Höskuldur.“¹⁷⁶ Söguhöfundur undirstrikar enn frekar örvæntingu Njáls með orðum: „Sjá einn

¹⁷¹ Brennu-Njáls saga 1996: 312

¹⁷² Brennu-Njáls saga 1996: 230

¹⁷³ Brennu-Njáls saga 1996: sbr. 241, 283, 304 - 307, 310 - 312

¹⁷⁴ Brennu-Njáls saga 1996: 188

¹⁷⁵ Brennu-Njáls saga 1996: 188

¹⁷⁶ Brennu-Njáls saga 1996: 220

hlutur var svo að Njáli féll svo nær að hann mátti aldrei óklökkvandi um tala.¹⁷⁷ Ravizza segir að tár eða grátur séu líkamstjáníng sem er notuð sem tákn fyrir mikinn harm og djúpa örvæntingu í Njáls sögu.¹⁷⁸ Eins og áður var nefnt játar Njáll ást sína á Höskuldi opinberlega á Alþingi eftir vígið með tilfinningaríkum orðum og nefnir þar Höskuld „sætasta ljós“ augna sinna.¹⁷⁹ Aldrei talar Njáll með eins tilfinningaþrungnum orðum um blóðsýni sína, og heldur ekki um Bergþóru eiginkonu sína. Í heild snýst sambandið milli fósturföður og fóstursona um miklar tilfinningar. Höskuldur er augljóslega sá maður sem Njáll veitir mun meiri athygli en sonum sínum. Ármann Jakobsson segir: „It is remarkable that love is only mentioned when Njáll speaks of his feelings for Höskuldr.“¹⁸⁰

Njáll hugsar mikið um að auka frama Höskulds. Hann kennir honum lög og biður um hönd Hildigunnar til handa Höskuldi hjá Flosa. Hildigunnur er dóttir Starkaðar sem er hálfbróðir Flosa. En Flosi hefur lofað henni að gifta hana einungis karlmanni sem fer með goðorð. Hún samþykkir giftinguna með þeim skilmálum að Höskuldur eignist goðorð. Njáll hyggst kaupa goðorð handa Höskuldi innan þriggja ára en verður ekki ágengt með það. Undirferli Njáls birtist afar vel í þessum atburðum. Áætlun hans í þessu máli gengur út á að hindra framgang réttvísinnar og snúa málum á Alþingi til ills. Söguhöfundur orðar þetta svo:

Þetta sumar voru þingdeildir miklar. Gerði þá margur sem vant var að fara til fundar við Njál en hann lagði það til mála manna sem ekki þótti líklegt að eyddust sóknir og varð af því þræta mikil er málin máttu eigi lúkast og riðu menn heim af þingi ósáttir.¹⁸¹

Því næst notar Njáll óánægju manna sem átyllu til að rökstyðja að best sé að stofna fimmtardóm sem standi fjórðungsdómum ofar. Í þessu ferli dregur Njáll alþingismenn á asnaeyrunum og sýnir að nýju mann- og lagaþekkingu sína.¹⁸² Að lokum fær Höskuldur goðorð. Með þessu eykur Njáll áhrif sín og svarar jafnvel valdagræðgi sinni. Þar á ofan kemur ást Njáls til Höskulds í þessu atriði bersýnilega í ljós. Hann lítur fram hjá elsta syninum sínum, Skarphéðni, og stofnar goðorð og fimmtardóm fyrir fósturson sinn. Hann veldur með því miklum ágreiningi sem leiðir að lokum til vígs Höskulds. Að mínu mati er ástæðan fyrir morðinu vafalaust afbrýðisemi og öfund Skarphéðins sem er mjög afskiptur. Hann fyllist beiskju yfir ranglæti Njáls. Í baráttunni fyrir velþóknun,

¹⁷⁷ Brennu-Njáls saga 1996: 220

¹⁷⁸ Sbr. Ravizza 2010: 158

¹⁷⁹ Brennu-Njáls saga 1996: 241

¹⁸⁰ Ármann Jakobsson 2013: 235

¹⁸¹ Brennu-Njáls saga 1996: 191, 192

¹⁸² Brennu-Njáls saga 1996: 190-194

viðurkenningu, arfleifð og menntun verður Höskuldur andstæðingur Skarphéðins og bræðra hans og þarf að lokum að gjalda fyrir ást Njáls til hans með lífinu.

Eins og fram kom hér að framan gat söguhöfundar ekki fjallað hispurslaust um ást á milli tveggja karlmannna á þessum tíma og auk þess er hugtakið samkynhneigð ekki þekkt. En söguhöfundur Njálu viku nokkrum sinnum frá þessari hefð. Í sambandi við Höskuld talar Njáll t.d. beint um djúpa ást sína. Einnig birtast dýpstu tilfinningarnar Njáls í óbeinum lýsingum söguhöfundar.

Víg Höskulds Hvítanesgoða hefur víða víðtæk áhrif og eftir dauðann öðlast hann mikinn heiður. Í byrjun réttahaldanna sýnir Njáll Höskuldi ríka samkennd og játar á þingi: „Vil eg yður það kunnigt gera að eg unni meira Höskuldi en sonum mínum og þá er eg spurði að hann var veginn þótti mér slökkt hið sætasta ljós augna minna og heldur vildi eg misst hafa allra sona minna, og lifði hann.“¹⁸³

Í kaflanum þar sem silkislæðurnar koma við sögu er að mínu mati að finna athyglisverðasta dæmið um kynferðislegar aðdróttanir í allri sögunni. Því er ástæða til að birta langa tilvitnun úr honum:

En gerðarmenn báru saman í bóndakirkjugarði fé það sem þeir höfðu heitið til að leggja. Njállssynir seldu fram fé það er þeir höfðu og svo Kári og var það hundrað silfurs. Njáll tók þá fé það er hann hafði og var það annað hundrað silfurs. Síðan var fé þetta borið allt saman í lögrétu og gáfu menn þá svo mikið til að engan pening vantaði á. Njáll tók þá silkislæður og bóta og lagði á hrúguna ofan.

Síðan mælti Hallur til Njáls að hann skyldi ganga eftir sonum sínum „en eg mun ganga eftir Flosa og veiti nú hvorir öðrum tryggðir.“

Njáll gekk þá heim til búðar sinnar og mælti til sona sinna: „Nú er málum vorum komið í gott efni. Vér erum nú menn sáttir en fé allt komið í einn stað. Skulu nú hvorirtveggju ganga til og veita öðrum grið og tryggðir. Vil eg þess nú biðja yður sonu mína að þér spillið í engu um.“ Skarphéðinn strauk um ennið og glotti við. Ganga þeir nú allir til lögrétu.

Hallur gekk til móts við Flosa og mælti: „Gakk þú nú til lögrétu því að nú er féið allt vel af hendi goldið og saman komið í einn stað.“

Flosi bað þá Sigfússonu ganga til með sér. Gengu þeir þá út allir. Þeir gengu austan að lögrétu. Njáll gekk vestan að lögrétu og sýnir hans. Skarphéðinn gekk á meðalpallinn og stóð þar. Flosi gekk í lögrétu að hyggja að fénu og mælti: „Þetta fé er bæði mikið og gott og vel af höndum greitt sem von er að.“

Síðan tók hann upp slæðurnar og spurði hver þær mundi hafa til gefið en engi svaraði honum. Í annað sinn veifði hann slæðunum og spurði hver til mundi hafa gefið og hló að og svaraði honum engi. Flosi mælti þá: „Hvort er að engi yðvar veit hver þenna búning hefir átt eða þorið þér eigi að segja mér?“ Skarphéðinn mælti: „Hvað ætlar þú hver til hafi gefið?“

¹⁸³ Brennu-Njáls saga 1996: 241

Flosi mælti: „Ef þú vilt það vita þá mun eg það segja þér hvað eg ætla. Það ætla eg að til hafi gefið faðir þinn, karl hinn skegglausi, því að margir vita eigi er hann sjá hvort hann er heldur kona eða karlmaður.“ Skarphéðinn mælti: „Slíkt er illa mælt að sneiða honum afgömlum er engi hefir áður til orðið dugandi maður. Megið þér og það vita að hann er karlmaður því að hann hefir sonu átt við konu sinni. Hafa fáir vorir frændur legið óbættir hjá garði vorum svo að vér höfum eigi hefnt.“

Síðan tók Skarphéðinn til sín slæðurnar en kastaði brókum blám til Flosa og kvað hann þeirra meir þurfa.“ Flosi mælti: „Hví mun eg þeirra meir þurfa?“ Skarphéðinn svarar: „Því þá ef þú ert brúður Svínfellsáss sem sagt er hverja hina níundu nótt og geri hann þig að konu.“

Flosi hratt þá fénu og kveðst þá engan pening hafa skyldu af, kvað þá vera skyldu annaðhvort að Höskuldur skyldi vera ógildur ella skildu þeir hefna hans.

Vildi þá Flosi engi grið selja og engi taka og mælti til Sigfússona: „Göngum vér nú heim. Eitt skal yfir oss líða alla.“¹⁸⁴

Áður en Snorri goði kveður upp dóm sinn segir hann: „En gera vil eg fésætt svo mikla að engi maður hafi dýrri verið hér á landi en Höskuldur.“¹⁸⁵ Flosi sættist á bætur fyrir víg Höskulds Hvítanesgoða á þingi. Allt virðist vera komið á hreint þangað til Njáll bætir – í þessu andrúmslofti - í djúpri sorg sinni og til minningar um Höskuld sinni persónulegu uppbót við. Hann leggur silkislæður og skófátnað ofan á silfurhrúguna. Þessi verknaður virðist vera eins konar helgiathöfn. Að mínu mati eru slæðurnar tjáning eða tákn Njáls á sannri ást sinni til Höskuldar.

Njáli virðist vera létt og er alveg sannfærður um góða niðurstöðu málsins þegar hann segir við syni sína: „Nú er málum vorum komið í gott efni. Vér erum nú menn sáttir en fé allt komið í enn stað. Skulu nú hvorirtveggju ganga til og veita öðrum grið og tryggðir. Vil eg þess nú biðja yður sonu mína að þér spillið í engu um.“¹⁸⁶ Í raun lýsir söguhöfundur verknaði Njáls eins og hann sé eðlilegasti hlutur í heimi.

Fyrst um sinn er óskiljanlegt og óljóst af hverju söguhöfundur sviðsetur þetta atriði og hverju Njáll vill ná fram með slæðunum. Samkvæmt Ármanni Jakobssyni, sem hefur skoðað lýsingar á slæðum bæði í Egils sögu og í Njáls sögu, þá er það einungis í Njálu sem slæðurnar „become an offending insinuation of effeminacy“.¹⁸⁷ Njáll beinir hér að mínu mati ekki neinu níði að Flosa með gjöf sinni en ræður samt óafvitandi með silkislæðunum sínum eigin örlögum og fjölskyldunnar í Njálsbrennu. Í raun vanmetur hann áhrifamátt slæðnanna og viðbrögð Skarphéðins. Flosi, sem ætlar að þiggja féð, spyr

¹⁸⁴ Brennu-Njáls saga 1996: 244-246

¹⁸⁵ Brennu-Njáls saga 1996: 243

¹⁸⁶ Brennu-Njáls saga 1996: 244

¹⁸⁷ Ármann Jakobsson 2013: 218

margsinnis rólega og hlæjandi hver hafi bætt við silkislæðunum en fær engin svör. Að lokum spyr Skarphéðinn Flosa hvað hann haldi sjálfur. Flosi telur að Njáll hafi gefið slæðurnar og bætir auk þess við skýringu á þeirri ályktun: „faðir þinn, karl hinn skegglausi, því að margir vita eigi er hann sjá hvort hann er heldur kona eða karlmaður.“¹⁸⁸ Þessi ummæli Flosa sýna vel alvöru aðdróttunarinnar. Í raun og veru afhjúpar Flosi sannleikann um kynferði Njáls en það er einmitt það sem ég tel að Njáll hafi haft í hyggju. En Skarphéðinn ver föður sinn með því að staðfesta að hann hafi eignast syni og kastar svo bláum buxum til Flosa og sakar hann þannig um samkynhneigð. Skarphéðin bætir við að Flosi þurfi brókanna með: „Því þá ef þú ert brúður Svínfellsáss sem sagt er hverja hina níundu nótt og geri hann þig að konu.“¹⁸⁹ Flosi bregst ekki við slæðunum með reiði, og ekki heldur þegar hann fær ekkert svar við spurningu sinni. Það er fyrst þegar Skarphéðinn minnst á barnleysi Flosa – og minnir þar á móti á barnalán Njáls – og sakar hann enn fremur um að stunda samfarir með Svínfellsási að Flosi missir stjórn á sér og neitar í kjölfarið að taka við sáttagreiðslunni. Svör Skarphéðins fela í sér þungar ásakanir um ergi í garð Flosa. Hann er sakaður um að vera frilla Svínfellsáss og í óvirku hlutverki í samförum samkvæmt hugmyndum um kynlíf tveggja manna á miðöldum. Söguhöfundur setur hér á svið verstu ásökun sem hefur verið möguleg í miðaldasamfélaginu. Eins og áður var nefnt voru slíkar ásakanir bannaðar á miðöldum og þeirra hefnt.

Athyglisvert er að Skarphéðinn glottir tvisvar meðan á öllum þessum samskiptum stendur: fyrst eftir að Hallur kveður upp dóminn og síðan einmitt eftir að Njáll hefur bætt silkislæðunum við og beðið syni sína um að spilla ekki sættinni.¹⁹⁰ Isabelle Ravizza hefur rannsakað svipbrigði í Njáls sögu og komist að þeirri niðurstöðu að glott sé sérstakt einkenni Skarphéðins. Hún túlkar glott hans sem tjáningu á yfirburðum, virðingarleysi, sjálfstrausti og fela í raun í sér fyrirtillega framkomu.¹⁹¹ Skarphéðinn glottir t.d. einnig áður hann ásakar Þorkel um að þurfa að stanga úr tönnum sínum „rassgarnarendann merarinnar,“¹⁹² hann glottir aftur í aðdraganda að vígi Sigmundar¹⁹³ og aftur svo seinna, skömmu áður en brennan hefst þegar Kári segir við hann: „ert þú vor fræknastur“.¹⁹⁴ Glott Skarphéðins er í öllum tilvikum fyrirboði um ógæfu, einkum

¹⁸⁸ Brennu-Njáls saga 1996: 245

¹⁸⁹ Brennu-Njáls saga 1996: 245

¹⁹⁰ Brennu-Njáls saga 1996: 244

¹⁹¹ Sbr. Ravizza 2010: 145-149

¹⁹² Brennu-Njáls saga 1996: 238

¹⁹³ Brennu-Njáls saga 1996: 88

¹⁹⁴ Brennu-Njáls saga 1996: 256

Þegar Skarphéðinn leggur á ráðinn um víg og lymaskuleg illvirki. Hér koma „brækur bláar“ sem Skarphéðinn kastar til Flosa líka mikið við sögu. Skarphéðinn hefur augljóslega undirbúið sig í aðdraganda réttahaldanna. Hann hefur brækur til taks til að geta snúið vörn í sókn og spillt sáttinni sem snýst um að auka virðingu Höskuldar á fundinum. Það er eins og hann sé staðráðinn í að gera ánægju manna með sáttina að engu. Skarphéðinn er ekki eftirlæti föður síns, enda gefur Njáll ítrekað í skyn að Skarphéðinn sé eftirbátur Höskuldar. Að mínu mati stafar breytni Skarphéðins af hreinni afbrýðissemi og öfund. Hún er ekki bara orsök morðsins á Höskuldi heldur einnig ásökun Skarphéðins um ergi Flosa.

Njáll ann Höskuldi fóstursyninum miklu meira en Skarphéðni og tók þann fyrrnefnda stöðugt fram fyrir þann síðarnefnda. Þetta kemur skýrast fram þegar Njáll stofnar goðorð og fimmtardóm fyrir fóstursoninn og er ítrekað þegar hann segist tilbúinn til að fórna sonum sínum fyrir Höskuld. Þessi athugasemd Njáls mætir ekki velþóknun Skarphéðins sem segir með lítilsvirðingu: „Það er nokkur vorkunn. Þú ert maður gamall og er von að þér falli nær.“¹⁹⁵ Skarphéðni finnur fyrir djúpri væntumþykju Njáls í garð Höskuldar, sérstaklega þegar Njáll segir: „eg unni meira Höskuld en sonum mínum.“¹⁹⁶ Þetta er lykiltríði fyrir Skarphéðin sem hefnir sín á föður sínum með orðaskiptum sínum við Flosa. Njáll hefur misst þá karlmenn – Gunnar og Höskuld - sem hann hefur unnað mest og hefur ekki lengur neinu að tapa. Ást hans í garð Höskuldar leiðir skref fyrir skref til brunans á Bergþórshvoli.

Söguhöfundur vísar með ásökunum um ergi Flosa hugsanlega í eddukvæðin Þrymskviðu og Lokasennu. Í Þrymskviðu beita Þór og Loki brögðum til að ná aftur Mjölni, hamri Þórs, sem Þrymur hafði stolið. Báðir eru klæddir kvenmannsfötum. Þór, sem er venjulega holdgervingur karlmennsku í íslenskri goðafræði, er hér í hlutverki brúðar og Loki er ambátt hans. Augljóslega er Þór hræddur um að verða sér til skammar og segir: „Mig munu æsir argan kalla ef eg bindast læt brúðar líni.“¹⁹⁷ Eins og áður var minnt á felur orðið *argur (ragur)* í sér tilvísun til samkynhneigðar. Túlkun Þórs á kvenbúningi sínum er náttúrlega sú að hann eigi á hættu að vera talinn samkynhneigður. Annað dæmi er í Lokasennu þegar Óðinn sakar Loka um að hafa átt kynmök við tröll eða jötna í undirheimum. Óðinn segir við Loka:

¹⁹⁵ Brennu-Njáls saga 1996: 220

¹⁹⁶ Brennu-Njáls saga 1996: 241

¹⁹⁷ Ormurinn langi 2005: 52

...vartu fyrir jörð neðan,
kýr mólkandi ok kona,
ok hefr þú þar börn borit,
ok hugða ek þat args aðal.¹⁹⁸

Lýsing Njálu á silkislæðunum er á margan hátt hliðstæð þessum tveimur senum. Hlutverk Flosa er hér sambærilegt við hlutverk Þórs og Loka sem er sett í samhengi við kvenmannsföt og kynferðisleg atriði. Eins og Óðinn sakar Loka um að stunda kynlíf með tröllum, sakar Skarphéðinn Flosa um að stunda samfarir með Svínfellsási. Aðdróttun um ergi og samkynhneigð er augljóslega til staðar. Meulengracht Sørensen metur þetta atriði svo: „To an Icelander and Norwegian in the thirteenth or fourteenth century, slander such as Skarphéðin’s taunting of Flosi in *Njáls saga* was not simply a literary phenomenon. It also had a place in real life, in their notions of morality and justice, and contemporaries understood the saga from the vantage point of this actuality.“¹⁹⁹

Að mínu mati nýtir söguhöfundur sér þetta atriði til að ljóstra upp um kynhneigð Njáls og láta hann koma út úr skápnum. Annars vegar ríkti mikil þögn um samkynhneigð í miðaldabókmenntum og hins vegar var söguhöfundi sjálfum bannað að fjalla opinskátt um kynlíf karlmannna eða bera fram ásakanir um ergi. Bæði Grágás og kristilegar reglur lögðu blátt bann við því að fjallað væri beint um samkynhneigð Njáls. Njáll svarar ekki spurningu Flosa um hver lagt hafi slæðurnar á sjóðinn vegna þess að hann gerir ráð fyrir því að Flosi viti – eins og allir aðrir - um kynhneigð hans. Hann reynir ekki að bera blak af sér og hann er hvorki hneykslaður vegna efasemda Flosa um kynhneigð hans né lætur hann ummælin raska ró sinni. Njáll andmælir orðunum Flosa ekki af því Flosi segir beinlínis satt.

Eitt af merkilegum mynstrunum í frásagnaraðferð söguhöfundar er hið ósagða í samskiptum persóna. Þögnin virkjar ímyndunarafli lesandans og segir þannig í raun mjög mikið. Sannleikurinn í þessari senu felst í þögn Njáls. Þögnin er stílbragð söguhöfundar, til þess ætlað að fá lesendur til að hugsa um hvatirnar að baki gjörðum Njáls og þá sérstaklega um kynhneigð hans. Njáll er of diplómáttur og slóttugur til að leggja sáttina eða líf sitt að veði. En hann býst ekki við níðingsskap Skarphéðins sem ræðst aftan að föður sínum. Njáll hefur misst þann sem hann unni mest og hefur ekki neinu að tapa. Hann þarf ekki lengur að leyna sannleikanum.

¹⁹⁸ Árni Reynisson 2009: 155

¹⁹⁹ Meulengracht Sørensen 1983: 14

5 Lokaorð

Hér hefur verið gerð tilraun til þess að skoða frásagnaraðferðir söguhöfundar Njálu í nýju ljósi til að sýna fram á kynhneigð Njáls. Ritgerðin hefur takmarkast við lýsingar söguhöfundar á atburðum sem eru með kynferðislegum undirtónum eða snerta persónu Njáls og veita innsýn í hinn flókna persónuleika hans. Ljósi hefur verið varpað á tilfinningar, háttarni og framkomu Njáls, einkum þegar litið er til sambanda hans við vini sína Gunnar, Þórhall og Höskuld.

Tilhneiging söguhöfundar til að sviðsetja atburði sem eru af kynferðislegum toga er augljós. Hann hefur verið lærdur og vel menntaður maður í bókmenntum og hefur að mínu álitu yfirvegað stefnt að því að afhjúpa leyndarmálið um kynhneigð Njáls. Mín skoðun er sú að söguhöfundur noti kynferðislega atburði og lýsingar eins og vísbendingar fyrir lesandann til þess að koma honum í rétt hugarástand fyrir boðskap sinn. Kirkjuleg og veraldleg lög og reglur miðaldasamfélagsins hafa bannað honum að fjalla beint um ástarsambönd og kynlíf, sérstaklega á milli karla. Söguhöfundur hefur valið sér aðra leið til að lýsa hrifningu Njáls á ungum karlmönnum og kynhneigð hans. Hann gerir það með óbeinum lýsingum, skírskotunum og tilvísunum.

Eitt af verkefnum lesandans er að uppgötva hinn dulda kynferðislega boðskap sögunnar sem lesa má milli línanna á vissum stöðum. Til að koma honum til skila leikur söguhöfundur sér að ímyndunarafli lesandans. Njáls saga er öðrum þræði ástarsaga þar sem lýsingar með kynferðislegum undirtónum síast inn í undirmeðvitund lesandans til að fæða af sér hugsanir tengdar kynhvöt og kynlífi.

Söguhöfundur byrjar á lýsingum sem fela í sér gagnkynhneigð og eflir þær í framvindu sögunnar þar til að hann lætur Njál koma út úr skápnum í sennunni með silkislæðunum. Að mínu mati hefur hann meðvitað valið þetta atriði og sviðsett með Njál í huga og ekki að ástæðulausu látið hann bregðast við á þennan hátt. Söguhöfundur gerir Njál kvenlegan, aðgreinir hann svo frá öðrum karlmönnum og lætur væntumþykju hans til karla ráða atburðarás sögunnar. Hreyfiafl og rauður þráður sögunnar eru afbrýðisemi og ást sem skipta miklu máli í Njálu. Sannleikur sögunnar liggur í djúpgerð en ekki á yfirborði frásagnarinnar. Söguhöfundur gefur lesandanum margvísleg tækifæri til að lesa út úr sögunni að Njáll sé hommi.

Þegar allt kemur til alls er samkynhneigð Njáls borðleggjandi en viðurkenning hennar fer að lokum eftir gildismati lesandans. Ef maður gerir ráð fyrir að athugull lesandi túlki óbeinar lýsingar og undirtóna í samskiptum gagnkynhneigðra sem merki um kynlöngun og kynferðislegar athafnir, þá ætti

hann með sama hætti að skilja vísbendingar um kynhneigð Njáls sem merki um samkynhneigð hans.

6 Heimildaskrá

- Ármann Jakobsson. 2000. Ekki kosta munur: kynjasaga frá 13. öld. *Skírnir* 174: 21-48.
- Ármann Jakobsson. 2013. *Nine Saga Studies. The Critical Interpretation of the Icelandic Sagas*. University of Iceland Press. Reykjavík.
- Biblían. Heilög ritning. Gamla testamentið ásamt apókrýfu bókunum. Nýja testamentið*. 2007. Hið íslenska biblíufélagið. JPV útgáfa. Reykjavík.
- Boswell, John. 1980. *Christianity, Social Tolerance, and Homosexuality. Gay People in Western Europe from the Beginning of the Christian Era to the Fourteenth Century*. University of Chicago Press. Chicago.
- Bredsdorff, Thomas. 1974. *Ást og öngþveiti í Íslendingasögum*. Bjarni Sigurðsson þýddi. Almenna bókafélagið. Reykjavík.
- Brennu-Njáls saga besta íslenska verkið. 2014. *Morgunblaðið*. 9. apríl 2014. Sótt 28. apríl 2015 af <http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/04/09/brennu-njalssaga-besta-verkið/>
- Brennu-Njáls saga*. 1996. Ritstj. Örnólfur Thorsson. Mál og menning, Forlagið. Reykjavík.
- Bullough, Vern L. og Gwen Whitehead Brewer. 1999. Conflicted Identities and Multiple Masculinities: Men in the Medieval West. *Medieval Masculinities and Modern Interpretations. The Problem of the Pardoner*, bls. 93-110. Jacqueline Murray sá um útgáfuna. Garland. New York
- Dronke, Ursula. 1980. *The Role of Sexual Themes in Njáls Saga*. University College. London.
- Gade, Kari Ellen. 2013. Samkynhneigð og nauðgun karla í norrænum lögum og bókmenntum miðalda. *Ritið*: 3: 183-200.
- Grágás. Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. 1992. Ritstj. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason. Mál og menning. Reykjavík.
- Gunnar Karlsson. 2006. Karlmennska, drengskapur, bleyði org ergi. *Bókmenntaljóðs. Heiðursrit til Turið Sigurðardóttur*, bls. 371-386. Ritstj. Malan Marnerdóttir, Dagný Kristjánsdóttir, Leyvoy Joensen og Anfinnur Johannsen. Félagið Fróðskapur. Tórshavn.
- Gunnar Karlsson. 2013. *Ástarsaga Íslendinga að fornu. Um 870 – 1300*. Mál og menning. Reykjavík.
- Hamar, Andrew Joseph. 2008. *Njáls saga and it's Christian Background. A study of Narrative Method*. Rijksuniversiteit. Groningen.

- Helga Kress. 1996. *Fyrir dyrum fósturu: Greinar um konur og kynferði í íslenskum fornþókmenninum*. Háskóli Íslands, Rannsóknastofa í kvennafræðum. Reykjavík.
- Hugtök og heiti í þókmennifræði*. 1983. Ritstj. Jakob Benediktsson. Þókmennifræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning. Reykjavík.
- Jochens, Jenny. 1995. *Women in Old Norse Society*. Cornell University Press. New York.
- Kristján Jóhann Jónsson. 1998. *Lykillinn að Njálu*. Vaka-Helgafell. Reykjavík.
- Meulengracht Sørensen, Preben. 1983. *The Unmanly Man. Concepts of sexual defamination in early Northern society*. Joan Turville-Petre þýddi. Odense University Press. Odense.
- Njarðarbók*. St. Jóh.st. Njarður, nr. 12, 10 ára. 2009. Ritstj. Árni Reynisson et. al. St. Jóhannesarstúkan Njarður. Hafnarfjarður.
- Njarður P. Njarðvík. 1981. *Eðlisþættir skáldsögunnar*. Hið íslenska þókmennafélag. Reykjavík.
- Ormurinn langi. Leiftur úr íslenskum þókmenninum 900 – 1900*. 2005. Ritstj. Bragi Halldórsson, Knútur S. Hafsteinsson og Ólafur Oddson. Bjartur. Reykjavík.
- Óttar Guðmundsson. 1990. *Íslenska kynlífsbókin*. Almenna bókafélagið. Reykjavík.
- Óttar Guðmundsson. 2012. *Hetjur og hugarvél. Geðsjúkdómar og persónuleikaraskanir í Íslendingasögum*. JPV útgáfa. Reykjavík.
- Ravizza, Isabelle. 2010. *Körpersprache. Formen nonverbaler Kommunikation im Spiegel der „Egils saga Skalla-Grimssonar“ und der „Njáls saga“*. Skandinavistik, Sprache, Literatur, Kultur, 6. Ritstj. Heinrich Anz og Susanne Kramerz-Bein. LIT Verlag. Wien.
- Roswell, Thomas. 2012. Gender Roles and Symbolic Meaning in Njáls saga. Medievalists.net. Sótt 17. janúar 2015 af <http://www.medievalists.net/2012/11/08/gender-roles-and-symbolic-meaning-in-njals-saga/>
- Ström, Folke. 1974. *Níð, ergi and Old Norse moral attitudes*. Viking Society of Northern Research. London.
- Svanhildur Óskarsdóttir. 1996. Formáli. *Brennu-Njáls saga*, bls. vii-xxv. Ritstj. Örnólfur Thorsson. Mál og menning, Forlagið. Reykjavík.